



Skólaskýrsla Grenivíkurskóla og ársskýrslur teyma



Skólaárið
2022-2023

Efnisyfirlit

1. Stefna skólans – Hugur, hönd og heimabyggð	1
2. Mannauður og skóladagar	3
3. Nám og kennsla	6
3.1 Samræmd próf	7
3.2 Samstarf við foreldra/forráðamenn	7
3.3 Þróunarverkefni	8
4. Úr skólalífinu	10
5. Símenntun	12
6. Innra mat og námskrá	13
7. Ársskýrslur teyma	14
7.1 Ársskýrsla teymis yngsta stigs (1.-4. b.) skólaárið 2022-2023	14
7.2 Ársskýrsla miðstigsteymis (5.-7. b.) skólaárið 2022-2023	23
7.3 Ársskýrsla unglíngastigsteymis (8.-10. b.) skólaárið 2022-2023	31
7.4 Ársskýrsla - handmennt og myndmennt - skólaárið 2022-2023	40
8. Lokaorð	49

Viðaukar

Nemendaskrá 2022-2023

Skóladagatal 2022-2023

1. Stefna skólans – Hugur, hönd og heimabyggð

Starfsfólk Grenivíkurskóla leggur áherslu á eftirtalin atriði:

- Vel skipulagt og öruggt vinnuumhverfi.
- Vel skilgreind og skýr námsmarkmið.
- Góða daglega stjórnun.
- Framfarir í námi hvers nemanda.
- Góðar aðstæður til náms og starfa.
- Virkt eftirlit með námi nemenda.
- Gott samstarf heimila og skóla.

Leitast skal við að haga skólstarfinu í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Áhersla er lögð á að nýta námstímann vel og að allir nýti hæfileika sína til fulls. Skólaheitið okkar er:

„Ég kem í skólann til að læra og gera mitt besta“.

Stefna skólans felur m.a. í sér að skólinn vinni markvisst að því:

- Að búa nemendum hlýlegt, heilsusamlegt og þroskavænlegt námsumhverfi.
- Að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda, örva sjálfstæða hugsun og temja þeim ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum.
- Að vekja athygli nemenda á þeim möguleikum sem heimabyggð þeirra hefur upp á að bjóða varðandi búsetu og atvinnu.
- Að efla félagsþroska nemenda meðal annars með því að þeir taki þátt í að móta eigið starfsumhverfi, félags- og menningarlíf.
- Að fræða nemendur og gera þá færa um að afla sér þekkingar og leikni og að temja sér hagkvæm vinnubrögð.
- Að allir nemendur finni tilgang með því að vera í skólanum.
- Að auka umhverfismennt nemenda með verkefnum tengd endurvinnslu og náttúruvernd.
- Að stuðla að hollu mataræði og aukinni hreyfingu meðal barna, unglinga og fjölskyldna þeirra.

2. Mannauður og skóladagar

Haustið 2022 var 51 nemandi í Grenivíkurskóla. Um vorið voru nemendur 49.¹ Námshópar voru að grunninum til þrjár, 1.-4. bekkur var í einum námshópi, 5.-7. bekkur í öðrum og 8.-10. bekkur í þeim þriðja. Skólinn hélt áfram innleiðingu teymiskennslu á skólaárinu og voru 3-4 kennarar sem mynduðu teymi utan um hvern námshóp. Teymum var svo í sjálfsvald sett hvort, og þá með hvaða hætti, námshópnum var skipt í smærri hópa í kennslu.

Bekkur/hópur	Kennarar í teymi	Fjöldi nemenda (við skólalok)
1.-4. bekkur	- Steinunn Adolfsdóttir (umsjónarkennari) - Svala Fanney Snædahl Njálisdóttir (umsjónarkennari fram að áramótum) - Heiða Björk Pétursdóttir (umsjónarkennari frá áramótum)	1. bekkur: 4 2. bekkur: 2 3. bekkur: 7 4. bekkur: 2 Samtals: 15
5.-7. bekkur	- Inga María Sigurbjörnsdóttir (umsjónarkennari) - Hólmfríður Björnsdóttir - Guðrún Árnadóttir - Inga Rákel Ísaksdóttir	5. bekkur: 6 6. bekkur: 5 7. bekkur: 7 Samtals: 18
8.-10. bekkur		8. bekkur: 8

¹ Sjá viðauka 1 – nemendaskrá 2022-2023.

	- Sigríður Diljá Vagnsdóttir (umsjónarkennari frá 1. okt.) - Jónína Margrét Guðbjartsdóttir (umsjónarkennari til 1. okt.) - Edda Björnsdóttir	9. bekkur: 8 10. bekkur: 1 Samtals: 17
--	---	---

Kennarastundir voru 233 í viku við upphaf skólaárs. Ekki var gert ráð fyrir sérstökum stuðningstímum í stundatöflum heldur var hverju kennarateymi falið það verkefni að skipuleggja kennslu með þeim hætti að nemendur fengju þann stuðning sem þeir þurfa. Breytingar urðu á kennslumagni yfir veturinn. Það minnkaði lítillega um áramót vegna leyfa kennara en jókst á ný undir vor þegar kennarar komu úr leyfum.

Stöðugildi kennara við skólann voru um 9,1 við upphaf skólaárs auk 1 stöðugildis skólastjóra. Erla Mist Magnúsdóttir sá um tónmennt, 2 kennslustundir á viku hjá 1.-4. bekk og Guðlaugur Viktorsson kenndi 6. bekk á marimbur í einn tíma á viku.

Kennarar/leiðbeinendur - starfshlutfall að hausti:

1. Edda Björnsdóttir ⇨ 57,69% starf.
2. Guðrún Árnadóttir ⇨ 76,92% starf.
3. Heiða Björk Pétursdóttir ⇨ 57,69% starf.
4. Hólmfríður Björnsdóttir ⇨ 69,23% starf.
5. Inga María Sigurbjörnsdóttir ⇨ 100% starf. Staðgengill skólastjóra.
6. Inga Raket Ísaksdóttir ⇨ 100% starf. Fór í fæðingarorlof eftir páska.
7. Jónína Margrét Guðbjartsdóttir ⇨ 100% starf. Fór í leyfi 1. október, kom aftur í apríl.
8. Kolbrún Hlín Stefánsdóttir ⇨ 76,92% starf. Kenndi handmennt og myndmennt.
9. Sigríður Diljá Vagnsdóttir ⇨ 100%. Kom til starfa 1. október.
10. Steinunn Adolfsdóttir ⇨ 84,62% starf.
11. Svala Fanney Snædahl Njálisdóttir ⇨ 84,62% starf. Fór í leyfi 1. janúar, kom aftur í apríl.

12. Þorgeir Rúnar Finnsson ⇨ 100% starf sem skólastjóri. Sinnti einnig kennslu og afleysingum, mismikið eftir mánuðum.

Annað starfsfólk:

1. Alicja Jolanta Karkowka ⇨ Skólaliði 2 - 87,17% starf.
2. Brynhildur Jóna Helgadóttir ⇨ Skólaliði 2 – 66,83% starf.
3. Kristín Björg Sigurðardóttir ⇨ Matráður 3 – 69,73% starf.

Aðrir sem störfuðu í skólanum í vetur voru Stefán Hrafn Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna, Björn Ingólfsson bókavörður og Sesselja Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur. Þá er Anna Bára Bergvinsdóttir skólabílstjóri.

Nokkrar starfsmannabreytingar verða í skólanum fyrir næsta vetur. Oddný Jóhannsdóttir verður áfram í leyfi á næsta skólaári og þá verða þær Sigríður Diljá Vagnsdóttir og Inga Rakef Ísaksdóttir í fæðingarorlofi stóran part vetrar.

Búið er að ráða Gabríelu Sól Magnúsdóttur í tímabundna afleysingastöðu kennara við skólann næsta vetur. Aðrar stöður verða leystar af núverandi starfsfólki með breytingum á starfshlutföllum.

Skóladagar voru 180 á skólaárinu, eins og sjá má á skóladagatali.² Veður var með besta móti meira og minna allan veturinn og ekki kom til þess að fella þurfti niður skólahald. Nokkuð mikið var um forföll hjá nemendum, bæði vegna veikinda, en einnig vegna leyfa.

Nemendaráð

Nemendur á mið- og unglingastigi kusu fulltrúa í nemendaráð sem stóð fyrir þemaviku og stjórnaði félagslífi nemenda í vetur. Þá sátu fulltrúar nemendaráðs í skólaráði. Leita mætti leiða til að efla starf nemendaráðs í skólanum. Af unglingastigi voru kosnir þrjár fulltrúar en tveir af miðstigi. Í nemendaráði skólaárið 2022-2023 sátu: *Birgir Húni Haraldsson formaður, Móeiður Alma Gísladóttir gjaldkeri, Gabríel Örn Stefánsson ritari, Tryggvi Hrafn Haraldsson og Katla Eyfjörð Þorgeirsdóttir meðstjórnendur.*

² Sjá viðauka 2 – skóladagatal 2022-2023.

3. Nám og kennsla

Skipulag náms og kennslu var með svipuðum hætti og á síðasta skólaári, þegar innleiðing teymiskennslu hófst. Áður hefur verið minnst á hópaskipan, en nemendum var skipt í 3 námshópa, eftir stigum; yngsta stig (1.-4. bekkur), miðstig (5.-7. bekkur) og unglingastig (8.-10. bekkur). Utan um hvern námshóp var skipað kennarateymi sem sá um undirbúning og framkvæmd kennslu í þeim hópi. Innleiðing teymiskennslu hélt áfram þar sem tveir eða fleiri kennarar kenna í einu og geta ýmist kennt stærri hóp saman eða skipt hópnum niður í smærri einingar, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Þá var skóladagur allra nemenda, frá 1.-10. bekk, áfram samræmdur. Allir nemendur fengu 35 kennslustundir (kst) á viku og unglingastigið var svo með 2 kst til viðbótar í utanskólavali. Skóli hófst kl. 8:20 og skóla lauk kl. 14:00 alla daga vikunnar. Á miðstigi fengu nemendur 2 kst í frjálsum vali og á unglingastigi 4 kst (auk 2 kst í utanskólavali). Áfram var reynt að tryggja fjölbreytni í valgreinum og var skólaárinu skipt upp í fjórar lotur þar sem nemendur höfðu val um 3-4 greinar í hverri lotu. Gafst þetta vel og verður þróað áfram á komandi skólaári, en líklega verður lotunum þó fækkað í þrjár til að tryggja nægan tíma fyrir hverja valgrein. Þær valgreinar sem voru kenndar í vetur voru: *útivistar- og hjólavali, leiklist, spilasmíðja, skák, skólahreysti, hreyfival, skapandi smíðja, áhugasviðsval, bakstur, píla og skítamix.*

Áfram hófum við flesta morgna á yndislestri og morgunhreyfingu, en á mánudögum var samvera hjá öllum nemendum og á fimmtudögum var gæðahringur. Í lestri/hreyfistund hefja nemendur daginn á 15-20 mínútna lestri og halda svo í 15-20 mínútna hreyfingu. Oftast var farið í göngutúra en einnig farið í Just Dance í íþróttasalnum, í útileiki, jóga, stöðvaþjálfun og dansaðir gömlu dansarnir svo eitthvað sé nefnt. Heilt yfir gengu þessar morgunstundir vel.

Skólaárinu er skipt í þrjár annir. Nemendur fengu afhent formlegt námsmat á skólaslitum í júní. Námsmatið byggir að miklu leyti á leiðsagnarmati og símati, það er verið að meta nemendur allt árið. Þeir taka stuttar kannanir, próf, skila verkefnum, vinna verkefni í tíma, samvinnuverkefni og fleira. Allt þetta er lagt til grundvallar námsmati nemenda. Foreldraviðtöl voru tekin í upphafi skólaárs hjá nemendum í 1.

bekk og í nóvember og febrúar hjá öllum nemendum skólans. Í ár var gerð tilraun með nemendastýrð samtöl hjá öllum nemendum í febrúar. Þau tókust vel og verða þróuð áfram á komandi skólaári.

3.1 Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf voru ekki lögð fyrir á skólaárinu. Í þróun er svokallaður Matsferill, verkfærakista fyrir kennara og skóla, en honum er ætlað að innihalda fjölbreytt og hnitmiðuð rafræn próf og verkefni til að fylgjast með námsframvindu nemenda og bæta nám þeirra og námsárangur. Áhugavert verður að sjá afrakstur þessarar vinnu og vonandi að skólar fái fjölbreytt og hagnýt tæki í hendurnar til þess að vinna með.

3.2 Samstarf við foreldra/forráðamenn

Samstarf við foreldra og forráðamenn hefur almennt gengið mjög vel. Við fengum fleiri tækifæri til þess að bjóða fólki á viðburði en undanfarin ár þegar Covid-19 setti okkur skorður í þeim efnum. Samskipti í gegnum síma, fésbók og tölvupóst eru áfram mikil og starfsfólk skólans hefur þannig verið í góðu sambandi við heimilin. Öll heimili nemenda eru nettengd og hafa aðgang að tölvupósti. Nær allir foreldrar eru tengdir fésbókinni og eru inni á lokuðum hóp Grenivíkurskóla og á lokuðum bekkjarsíðum þar sem fréttum, myndum og tilkynningum er deilt. Kennarateymi senda út vikulega upplýsingapósta þar sem farið er yfir það helsta sem unnið var með í vikunni og það sem er á döfinni hjá hverjum námshópi. Þá heldur skólinn úti heimasíðu þar sem nálgast má allar upplýsingar um skólann. Enn fremur er gefið út mánaðarlegt fréttabréf þar sem farið er yfir það helsta sem gerist í skólastarfinu, birtar myndir og fleira.

Foreldraviðtöl með nemendum: Mánudaginn 22. ágúst komu foreldrar nemenda í 1. bekk í foreldraviðtöl en miðvikudaginn 8. nóvember og þriðjudaginn 21. febrúar mættu allir nemendur skólans í viðtal til umsjónarkennara ásamt forráðamönnum. Þar var farið yfir stöðuna í náminu, líðan, samskipti í hópnum og ýmislegt fleira. Í febrúarviðtölunum prófuðu allir hópar nemendastýrð samtöl í fyrsta skipti.

Foreldraspjall/bekkjarfundir: Haldnir voru bekkjarfundir að hausti í námshópunum þremur. Á fundunum fór skólastjóri lítillega yfir Olweusaráætlunina gegn einelti og kynnti ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Á fundinn mættu foreldrar allra nemenda, og gafst þeim tækifæri til að ræða almennt mál er varða skólann, spyrja spurninga og skiptast á upplýsingum um sín börn.

3.3 Þróunarverkefni

Teymiskennsla

Haustið 2021 hóf Grenivíkurskóli að innleiða teymiskennslu í skólanum. Ingvar Sigurgeirsson, kennslufræðingur, hefur verið skólanum til ráðgjafar og stuðnings í þessari vinnu. Í teymiskennslu mynda nokkrir kennarar teymi utan um hóp nemenda, bera sameiginlega ábyrgð á þeim hópi og kenna að einhverju eða öllu leyti saman, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Kostir teymiskennslu og teymisvinnu er margir og ótvíræðir og reynsla þeirra skóla sem hafa farið þessa leið nær undantekningalaust jákvæð. Samvinna kennara hefur í för með sér fjölbreyttari nálgun á nám og kennslu, sameiginleg ábyrgð á nemendahópi er styrkur fyrir nemendur jafnt sem kennara, og sá faglegi stuðningur og það faglega samtal sem verður til í kennarateymunum er afar mikilvægt. Teymiskennsla og teymisvinna eykur einnig sveigjanleika í námi, styður við einstaklingsmiðun og getur skapað vinnuhagræðingu þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.

Á þessu öðru ári hafa kostir teymiskennslu áfram sýnt sig. Faglegt samstarf hefur aukist, auðveldara er að leysa forföll, og þar sem ábyrgðinni er dreift milli kennara verður forfallakennsla oft markvissari en áður. Heilt yfir hafa nemendur jafnt sem kennarar lýst ánægju sinni með breytingarnar. Áskoranir eru þó áfram til staðar. Aldurs- og þroskabil í svo breiðum hópum getur verið snúið að eiga við og stundum reynist erfitt að finna nægan tíma til sameiginlegs undirbúnings. Þá hafa forföll og langtímaleyfi skapað óstöðugleika í teymum, sem þó hefur yfirleitt tekist að leysa farsællega.

Við ætlum að halda áfram að þróa teymiskennsluna við skólann og leggja þar áherslu á fjölbreytta og skapandi kennsluhætti, samþættingu námsgreina og verkefnaíðað

nám. Ingvar Sigurgeirsson mun áfram verða skólanum til ráðgjafar og stuðnings varðandi innleiðinguna.

Grænfáninn

Vorið 2007 flaggaði Grenivíkurskóli Grænfánanum í fyrsta sinn, en fáninn er alþjóðleg viðurkenning á því að skólinn stendur sig vel í umhverfismálum. Vorið 2009 fengum við Grænfánann aftur, þann 13. október 2011 fengum við fánann í þriðja sinn og fjórði fáninn var afhentur haustið 2013. Vorið 2016 fékk skólinn fánann afhentan í fimmta sinn og haustið 2018 í sjötta sinn. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að halda áfram á sömu braut, þ.e. flokka rusl, endurnýta pappír, ganga vel um náttúruna o.s.frv. Við höldum áfram við moltugerð og settum t.d. moltu á tré í nágrenni skólans. Nemendur sjá um að setja í moltutunnuna ásamt matræði, umsjónarkennurum og heimilisfræðikennurum, en starfsmenn hreppsins hafa aðstoðað okkur við tæminguna.

Stefnan var sett á að sækja um endurnýjun á Grænfánanum vorið 2023 en það tókst ekki. Á næsta skólaári er stefnt að því að sinna verkefninu betur og markmiðið að sækja um endurnýjun á Grænfánanum vorið 2024.

Útiskólinn

Útiskóli var ekki settur í stundatöflur nemenda á þessu ári, en kennarateymi hvött til þess að nýta umhverfi skólans til náms og kennslu. Fjölbreytt verkefni voru unnin sem tengdust nærsamfélaginu og farið í ýmsar vettvangsferðir.

Útiskennsla er frábær leið til þess að nýta umhverfið í leik og starfi og áfram verða teymi hvött til þess að vinna fjölbreytt, samþætt útiverkefni þar sem fléttast saman t.d. íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði og aðrar greinar.

Olweusaráætlunin gegn einelti

Grenivíkurskóli hefur verið þátttakandi í Olweusaráætluninni gegn einelti frá árinu 2010, en áætlunin skapar grunn að eineltisforvörnum, og þeim viðbrögðum sem viðhöfð eru þegar kemur að eineltismálum í skólanum. Í gæðahring fjalla umsjónarkennarar um einelti og afleiðingar þess. Gæðahringur er einu sinni í viku og þar gefst gott tækifæri til þess að stunda markvissa forvörn.

Í vetur útbjuggu nemendur og starfsfólk skólans blóm og festu á græna karlinn okkar til marks um að þau ætli að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn einelti. Nemendur tóku könnun þar sem staðan í skólanum var greind og niðurstöðurnar kynntar fyrir starfsfólki. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að við séum í ágætum málum þó svo að nokkra hluti megi bæta og að einhver samskiptavandi sé til staðar hjá ákveðnum hópi nemenda.

Byrjendalæsi

Haustið 2011 hófu Grenivíkurskóli og Valsárskóli í sameiningu að innleiða Byrjendalæsi í skólunum. MSHA, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, stýrði verkefninu, sem miðar að meiri fjölbreytni í kennsluaðferðum lestrarkennslu. Þróunarverkefnið tók tvö ár og tekur til íslenskukennslu og ákveðinnar samþættingar á yngsta stigi. Kennarar á yngsta stigi notfæra sér aðferðir byrjendalæsis. Stefnt er að því að halda áfram að kenna í anda Byrjendalæsis á yngsta stigi næsta vetur og fara bæði nýir og gamlir kennarar á námskeið vegna þess.

4. Úr skólalífinu

Skólasetning og skólaslit: Grenivíkurskóli var settur mánudaginn 22. ágúst 2022. Skólinn var settur að morgni, úti á leiksvæði skólans, og að skólasetningu lokinni var útivistardagur. Skólanum var slitið við hátíðlega athöfn föstudaginn 2. júní 2023. Þá fengu nemendur afhent námsmat skólaársins og eini nemandinn í 10. bekk var útskrifaður úr skólanum.

Útivistardagar: 22. og 23. ágúst voru útivistardagar. Annan daginn var haldið á Hjalteyri þar sem nemendur prófuðu meðal annars að klifra á klifurvegg ásamt því að leika sér á svæðinu. Hinn daginn var dorgað á bryggjunni og farið í sund.

Ólympíuhlaup ÍSÍ: 7. september tóku nemendur skólans þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ. Nemendur gátu valið um að hlaupa allt frá 2,5 og upp í 10 kílómetra og raunar hlupu þau sem fóru lengst í kringum 12 kílómetra, þar sem farið var í kringum Höfðann.

Jól í skókassa: Við tókum þátt í verkefninu „jól í skókassa“ í og sendum frá okkur um 30 kassa fulla af góðum og gagnlegum hlutum.

Desember: Síðustu vikurnar fyrir jólafrí litast af jólaundirbúningi. Við sungum jólalög, gerðum laufabrauð, skreyttum stofur, fórum í kyndlagöngu og margt fleira.

Litlu jólin: Litlu jól nemenda og starfsmanna voru föstudaginn 16. desember. Jólasveinarnir kíktu í heimsókn og síðan var farið í græna salinn þar sem nemendur þökkðu fyrir þakkana, fóru í leiki og dönsuðu í kringum jólatréð.

Vorskemmtun: Nemendur og starfsfólk skólans settu Ávaxtakörfuna á svið í lok mars. Sýndar voru tvær sýningar við góðar undirtektir.

Stóra upplestrarkeppnin: Nemendur í 7. bekk í Grenivíkurskóla, Grunnskóla Fjallabyggðar, Dalvíkurskóla, Árskógarskóla Þelamerkurskóla og Hrafnagilsskóla tóku þátt í lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í Hlíðarbæ í lok apríl. Katla Eyfjörð Þorgeirsdóttir og Smári Signar Viðarsson voru fulltrúar Grenivíkurskóla. Keppendur stóðu sig frábærlega og svo fór að Katla Eyfjörð stóð uppi sem sigurvegari.

Danstímar: Jóhanna Elín danskennari kom til okkar sl. haust og kenndi dans. Kennslunni lauk svo með glæsilegri danssýningu sem haldin var þann 29. október og var vel sótt af gestum.

Samskólasamstarf: Nemendur á miðstigi annars vegar og unglingsstigi hins vegar hittu nemendur í samskólunum (Stórutjarnaskóla, Valsárskóla og Þelamerkurskóla) tvívegis í vetur. Dagarnir voru vel heppnaðir.

Gönguferð í Gil: Nemendur í útivistarvali gengu um Grenjárdal og Trölladal og í Gil fimmtudaginn 29. september. Gist var í eina nótt og skemmti hópurinn sér konunglega, en þær Inga María og Inga Rakel skipulögðu ferðina og gengu með hópinn.

Útivistardagar að vori: Fimmtudaginn 1. júní og föstudaginn 2. júní voru útivistardagar. Nemendur léku sér í blíðskaparveðri, máluðu regnbogatröppurnar okkar, fóru að Finnastaðatjörn og í sund svo eitthvað sé nefnt.

Nemendaráð: Nemendaráðið stóð fyrir ýmsum uppákomum eins og þemadögum í vetur.

Samvera á Svæði: Í fyrsta tíma á mánudögum er samvera á svæði. Ýmislegt var gert á þessum samverustundum í vetur; rætt um málefni sem snerta nemendur, lesið, farið

yfir þær skráðu og óskráðu reglur sem gilda manna á milli, æft fyrir vorskemmtun, verkefni nemenda kynnt, sungið og ýmislegt fleira.

Gestir: Allnokkrir gestir komu í heimsókn til okkar í vetur. Samtökin '78 voru með fræðslu fyrir alla nemendur sl. haust, en einnig var haldin fræðslufundur fyrir foreldra. Rithöfundarnir Arndís Þórarinsdóttir og Ævar Þór Benediktsson komu í heimsókn í tengslum við verkefnið Skáld í skólum, Sindri Viborg var með fræðslu um Tourette-heilkennið og Þorgrímur Þránínsson hélt fyrirlestur fyrir nemendur á unglíngastigi, svo eitthvað sé nefnt.

Annað: Veturinn var mildur og veðurfar almennt mjög gott. Runólfur (kveðjuhátíð 10. bekkinga) var á sínum stað, nemendur sóttu leiksýningar, fóru í menningarferð til Akureyrar, í siglingu með Húna, heimsókn á Hælið, í skíðaferð, á samskóladaga, og brösuðu ýmislegt fleira.

Meira er sagt frá uppbrotsdögum og heimsóknum í ársskýrslum teyma, neðar í þessari skýrslu. Einnig má lesa um flest það sem gert var í vetur á heimasíðu skólans og/eða í fréttabréfum sem gefin eru út mánaðarlega á starfstíma skólans og eru aðgengileg á heimasíðunni.

5. Símenntun

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sæki skilgreinda fræðslu. Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst á ári til símenntunar og undirbúnings kennara.

Þennan texta er að finna í kjarasamningi KÍ. Í Grenivíkurskóla hefur verið mörkuð sú stefna að hafa endurmenntun kennara markvissa og með þeim hætti að hún skili sem mestum árangri fyrir hópinn og skólasamfélagið í heild. Skipta má starfsþróun kennara í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Símenntun fer að mestu fram á starfstíma skólans. Af þeirri endurmenntun sem allir kennarar skólans sóttu í vetur má nefna innleiðingu Hugarfrelsis og ráðstefnuna Utís Online, sem haldin var í september. Þá fékk starfsfólk fræðslu um ný farsældarlög, heimsótti Þingeyjarskóla og fræddist um starfið þar, og fór og skoðaði Snjallvagninn í Háskólanum á Akureyri, svo eitthvað sé nefnt.

Kennarar sóttu sér einnig fjölbreytta fræðslu á eigin vegum, t.d. sem tengist þeirra kennslugreinum, með lestri fræðigreina og bóka, áhorfi á fræðsluþætti o.s.frv.

Kennarar skrá niður símenntun og halda utan um þessa skráningu í sérstakri símenntunarmöppu á sameignardrifi kennara. Á vorin skila þeir svo af sér til skólastjóra.

Símenntunaráætlun fyrir næsta skólaár liggur fyrir en þar eru áhersluþættirnir teymisvinna/teymiskennsla, lýðheilsa, læsi og byrjendalæsi, hugleiðsla og jóga, upplýsingatækni, hæfnimiðað nám og námsmat og fleira.

6. Innra mat og námskrá

Unnið var samkvæmt skólanámskrá Grenivíkurskóla í vetur og fór ýmis konar innra mat fram í tengslum við starfsemi skólans.

Þær breytingar sem verið hafa í þróun undanfarið ár, hvað varðar teymiskennslu og breyttan skóladag, voru reglulega ræddar og ígrundaðar, t.d. á kennarafundum, í skólaráði o.s.frv. Lagðar voru fyrir kannanir Skólapúlsins fyrir nemendur og stefnt að því að leggja slíkar kannanir fyrir foreldra og starfsfólk á næsta skólaári.

Niðurstöður úr foreldraviðtölum voru reifaðar, athugasemdir og ábendingar frá foreldrum ræddar og ígrundaðar og leitað var lausna á því sem þar kom fram. Útkoma á Olweusarkönnuninni var enn fremur rædd sem og niðurstöður hinna ýmsu skimana og prófa sem fram fara árlega. Þá fékk allt starfsfólk tækifæri til þess að ræða um skólastarfið í starfsþróunarsamtali við skólastjóra á vorönn. Þessi samtöl voru almennt góð og niðurstöðurnar jákvæðar.

Ítarlegri niðurstöður varðandi innra mat í skólanum verða settar fram í sérstakri skýrslu ásamt umbótaáætlun.

7. Ársskýrslur teyma

Kennarateymi skila sérstakri ársskýrslu að loknu hverju skólaári. Þar koma fram ýmis konar hagnýtar upplýsingar um námsumhverfi og skipulag, kennslu, samstarf og ýmislegt fleira. Tilgangur þessara ársskýrslna er einkum tvíþættur; annars vegar er þetta góð leið fyrir kennarateymi að rýna í starfið í vetur, sjá hvað hefur gengið vel og einnig hvar gera má umbætur. Hins vegar geta þessa skýrslur verið nytsamlegar fyrir skólastjóra, nýja kennara, sem og þá kennara eða þau teymi sem taka við námshópi, upp á að geta skoðað það skipulag sem notað var, námsefni o.s.frv.

7.1 Ársskýrsla teymis yngsta stigs (1.-4. b.) skólaárið 2022-2023

1. Teymi og nemendur 1. - 4. bekkjar

Nemendafjöldinn í 1. - 4. bekk var 15 í skólabyrjun, 5 stúlkur og 10 drengir. Um haustið byrjuðu fjórir drengir í 1. bekk. Umsjónarkennarar voru Steinunn Adolfsdóttir og Svala Fanney Snædahl Njálisdóttir. Heiða Björk Pétursdóttir skipaði einnig teymið. Svala Fanney fór í veikindaleyfi í janúar og kom Heiða Björk Pétursdóttir í hennar stað til skólaloka. Svala Fanney Snædahl Njálisdóttir kom aftur til starfa í 30% hlutfall í apríl.

2. Námsumhverfi og skipulag

Námshópar/hópaskipting/umsjón

Í byrjun haustannar var lagt upp með samkennslu námshópsins í þeim tímum sem kennt væri byrjendalæsi auk einstaka stærðfræði- og íslenskutíma. Við höfðum til umráða tvær kennslustofur og í annarri þeirra var heimastofa alls hópsins þar sem börnin áttu merkt borð, gáma og námsgögn.

Í sex kennslustundum á viku voru þrír kennarar með hópinn. Þær voru nýttar til að veita einstaklingsmiðaða námsaðlögun þar sem hægt var að skipta hópnum í smærri einingar. Nemendur fóru jafnframt einu sinni í viku í tónmennt til Erlu. Nemendum var skipt í tvo hópa, 1.- 2. bekkur og 3. - 4. bekkur, fyrir íþrótt- og sundkennslu sem og list- og verkgreinar. Þar sem skólinn er einsetinn til klukkan 14 þá var yngsta stig með tvær auka kennslustundir eftir hádegi, tvo daga vikunnar. Þessar kennslustundir voru nýttar í skapandi vinnu, lífsleikni, vísindalæsi og frjálsan leik.

Einu sinni í viku fengum við heimsókn frá konum úr félagi eldri borgara á Grenivík, Ellafélögum. Nemendur fóru úr íslenskutíma og lásu fyrir Ellafélaga, einn nemandi í einu á hvern féлага, í einrúmi í 10-20 mínútur. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel og kunnum við þeim Ellafélögum miklar þakkir fyrir.

Stundatafla, dagskipulag og kennslufyrirkomulag

Kenndar voru 35 stundir á viku frá klukkan 8:20 á morgnana til 14:00 á daginn.

Á morgnana var byrjað á því að setja daginn sjónrænt upp á töflu, farið yfir dagsetninguna, vikudag og hvað væri í matinn. Á mánudagsmorgnum var samverustund þar sem allir nemendur koma saman. Á fimmtudagsmorgnum var gæðahringur. Hina morgnana var ýmist lesið fyrir nemendur eða þau lásu sjálf áður en þau fóru í hreyfistund. Í hreyfistundum var yfirleitt farið í göngutúr/skokk en einnig var dansað, sungið, og farið í leiki úti og inni. Að lokinni hreyfistund fóru allir nemendur í morgunmat. Boðið var upp á hafragraut og ávexti tvisvar í viku en morgunkorn og ávexti þrisvar í viku. Frímínútur voru þrisvar á dag, í 5 mínútur eftir morgunmat, 15 mínútur fyrir hádegi og 15 mínútur eftir hádegi.

Kennsluhættir og aðferðir

Þeir kennsluhættir og aðferðir sem voru mest nýttar með 1. - 4. bekk voru: byrjendalæsi, einstaklingsmiðuð kennsla, hringekjur og samvinnunám. Einnig var stuðst við umbunarkerfi þar sem verðlaunað var fyrir góða hegðun. Nemendur söfnuðu sér stigum sem þau gátu notað til þess að velja af gleðilista sem var unnin út frá Hugarfrelsi. Oft var hugmyndafræði Byrjendalæsis nýtt og fléttað saman í þemu sem tengdust öðrum námsgreinum.

Leitast var eftir að hafa kennsluhætti fjölbreytta s.s. unnið í hringekjum og hópastarfi þar sem skipt var í hópa út frá þörfum og var stöðvavinna mikið nýtt. Ávallt var reynt að aðlaga námsefnið að ólíkum þörfum nemenda eða haga því þannig að þeir einstaklingar sem unnu að verkefnum fengju bæði hjálp og stuðning við hæfi. Nemendur fengu að spreyta sig í bæði para- og einstaklingsvinnu.

Námsáætlanir

Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til grundvallar í skipulagi og starfi. Grunnþættir menntunar sem snúa að læsi, heilbrigði, sjálfbærni og velferð, auk lýðræðis, jafnréttis, sköpun og mannréttindum. Tekið var tillit til lykilhæfnipáttanna við gerð námsáætlana og hópaskiptingar, til að þjálfa lykilhæfni nemenda. Lögð var áhersla á að efla sjálfstæð vinnubrögð, samvinnunám og einstaklingsvinnu.

Þeir kennsluhættir og/eða aðferðir sem við nýttum okkur voru byrjendalæsi, bein kennsla, sýnikennsla, græn og rauð hegðunarspjöld og námsaðlögun. Unnið var einstaklingslega, í stöðvavinnu, þarfaskiptum hópum og stærri hópum þar sem stundum var einn kennari með hópinn og þá var ekki hægt að skipta hópnum niður í smærri einingar. Okkur fannst best að vinna í litlum hópum og nutu nemendur sín best með þeim hætti.

Vinnuþolið var mismunandi hjá nemendum og vorum við fljótar að átta okkur á þoli og þörfum nemenda. Kennslustundir voru 80 mínútur og voru þær brotnar niður í takt við þol nemenda hverju sinni. Ávallt var reynt að aðlaga námsefnið að ólíkum einstaklingum eða haga því þannig að þeir einstaklingar sem unnu að verkefnum fengju bæði stuðning og hjálp við hæfi. Mikið var um sjónrænar vísbendingar í námsumhverfinu og voru börnin fljótt farin að nýta sér þær.

Áætlanir og áform út frá lykilhæfni voru unnar í upphafi skólaársins. Kennsluáætlanir í byrjendalæsi voru unnar jafnóðum.

Námsaðlögun

Með námsaðlögun var leitast við að mæta þörfum allra nemendanna í námi og unnu nemendur því verkefni á sínum hraða og forsendum. Besta námsaðlögunin fór fram í eins litlum hópum og unnt var, en þá gat kennari sinnt hverju og einu barni sem best á þeirra forsendum. Hringekjur nýttust einnig vel til þess að mæta þörfum nemenda.

Með teymiskennslu náðum við að dreifa álagi, nýta styrkleika kennara og mæta þörfum nemenda. Gerðar voru einstaklingsáætlanir fyrir þá nemendur sem höfðu þörf á og í samræmi við þeirra þarfir.

3. Námsgreinar - kennsla

Þær námsgreinar sem yngsta stigs teymi sá um að kenna voru: íslenska, stærðfræði, náttúru- og samfélagsfræði sem voru fléttað inn í byrjendalæsi, enska, upplýsingatækni, gæðahringur, heimilisfræði/átthagafæræði og leikur og sköpun. Sund, íþróttir og list- og verkgreinar sáu aðrir kennarar skólans um.

Íslenska

Íslenska var kennd meðal annars samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis og var mörgum námsgreinum fléttað saman í þemu. Í 1. og 2. bekk voru notaðar bækurnar *Ritrún 1 og 2, Listin að lesa og skrifa, Við lesum A og B og Lestrarlandið*. Einnig unnu nemendur lesskilningshefti sem fengið var af síðunni Fjölbreyttir kennsluhættir sem og lesskilningsverkefni upp úr Auðbjargarbókunum. 1. bekkur vann bækurnar *Ég læri að lesa* samhliða stafainnlögn í haust.

Í 3. bekk voru *Ritrún 1, 2, 3 og Litla lesrún*. Í 4. bekk voru notaðar námsbækurnar *Litla lesrún, Lesrún 1* og ákveðnir þættir í *Ritrún 3*. Allir bekkir unnu einnig í skriftarþekkingu, lesskilningsverkefnum, ásamt ljósrituðu efni af Skólavefnum, og 123skóli.is. Unnið var með hringekjur sem lituðust af efni frá kennsluaðferðinni *Leikur að læra*. Hringekjur voru margskonar og snéru að ýmsum þáttum tengdum lestri, orðaforða, málfræði, o.fl.

Byrjendalæsi var öflugt í vetur og unnu nemendur margskonar íslensku tengd verkefni hvort heldur sem það var í ritun eða ýmiskonar hringekjum.

Stærðfræði

Nemendur í 1.-4. bekk unnu flestir í Sprotu A fyrir áramót og B eftir áramót. Með Sprotu var unnið með stærðfræði í gegnum spil, leiki, umræður og töflukennslu. 2. - 4. bekkur vann eftir stærðfræðiáætlunum þar sem tekið var mið af þörfum hvers og eins. Yfirleitt voru þrjú kennarar í stærðfræðitímum á föstudögum og voru þeir nýttir í vinnu með nemendum sem þurftu meiri aðstoð, hvort sem það var til að styrkja grunninn eða vinna með ákveðna þætti.

Náttúrufræði og samfélagsfræði

Í náttúrufræði og samfélagsfræði var unnið eftir aðferðum byrjendalæsis. Unnið var með heilbrigði og velferð að leiðarljósi með því markmiði að nemendur myndu átta

sig á að allir einstaklingar búi yfir margbreytilegum hæfileikum, þeir lærðu að vinna með öðrum og tækju tillit til hvers annars. Að nemendur lærðu um tilurð og mikilvægi lýðræðis hér á landi sem og almenn mannréttindi. Jafnframt var unnið að því að nemendur lærðu að lesa í umhverfi sitt.

Unnin voru mörg mismunandi þemaverkefni innan byrjendalæsis, t.d. um eldgos, árstíðir og veður, landbúnað og fyrrum lifnaðarhætti á Íslandi auk þess sem nemendur fengu að spreyta sig á landafræði og kortalestri.

Enska

Hjá 1.-2. bekk var enskukennslan í vetur fléttuð saman með Byrjendalæsi. Unnið var með tölurnar, liti, fjölskylduna, fatnað og fleira. Í byrjun veturs var áhersla lögð á að byggja upp orðaforða nemenda. Þegar leið á veturinn var lögð meiri áhersla á ritun og að tala á ensku.

Hjá 3.-4. bekk var unnið með fjölbreytt verkefni þar sem áhersla var lögð á einfaldar orðmyndir í ensku; uppbyggingu einfaldra setninga með áherslu á persónufornöfn, spurnarfornöfn, hreyfiorð og einfaldan framburð. Seinni hluta vetrarins var síðan lögð áhersla á hlustun og skilning.

Gæðahringur

Í gæðahring í vetur nýttu kennarar sér verkfæri hugarfrelsis, s.s. öndun, slökun, jóga og hugleiðslu. Við ræddum um tilfinningar, virðingu, kurteisi og framkomu gagnvart náunganum og hvernig allir hafi hlutverk og eigi rétt á því að vera hluti af hópnum og samfélaginu. Oft voru mál rædd út frá Olweusar eineltishringnum og hugtökum þar, eins og litunum, hlutverkum okkar og ferli. Þá var farið í umræður um ólík fjölskyldumynstur, menningarheima og kynþætti.

Við bjuggum til Gleðilista og nemendur söfnuðu sér inn stigum fyrir góða hegðun, vinnusemi og framkomu. Nemendur gátu síðan leyst út verðlaun af Gleðilistanum þegar þeir höfðu safnað ákveðnum fjölda stiga og haft lýðræðislega kosningu um hvað stigin yrðu notuð í. Sem dæmi um verðlaun sem nemendur unnu sér inn fyrir má nefna bakstur, andlitsmálningu og pottapartý. Þetta umbunarkerfi reyndist vel og leiddi af sér betri aga, vinnusemi og hegðun nemendahópsins.

Átthagafræði

Nemendur unnu að ýmsum verkefnum innan og utan skólans sem tengjast þeirra nánasta umhverfi. Námsefnið var samþætt við aðrar námsgreinar, t.d. samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku. Í skólabyrjun lærðu nemendur um sitt nærumhverfi. Fjöllin hér í kring og gróðurinn. Haldið var áfram með þessa vinnu eftir páska. Nemendur fóru einnig í heimsókn í gamla bæinn í Laufási og fengu góða fræðslu um lifnaðarhætti forfeðra sinna.

Heimilisfræði

Heimilisfræði var kennd í 7 vikur fyrir áramót. Unnið var með bókina Heimilisfræði 2 fyrir yngsta stig. Nemendur voru almennt mjög áhugasamir í þessari vinnu. Nemendur fræddust um mikilvægi hreinlætis, hollrar næringar, vinnu með mælieiningar sem og samskiptafærni þar sem nemendur vinna saman í hóp. Jafnframt fengu nemendur að spreyta sig á ýmsum verkefnum í eldhúsinu.

Upplýsingatækni

Allir nemendur höfðu afnot af spjaldtölvu og nýttum við þær sem kennslugögn, sem uppbrot og í pásur. 3.-4. bekkur vann að löngu þemaverkefni í Seesaw þar sem áhersla var lögð á lesskilning. Spjaldtölvurnar voru jafnframt nýttar til þess að kenna nemendum á einföld atriði á google drive sem mun nýtast þeim í framtíðinni. Þá fengu allir nemendur tölvupóstfang og lykilorð inn á sitt svæði.

Nemendur fengu kennslu í fingrasetningu, ásamt því að læra á ýmis ný snjallforrit og verkfæri í spjaldtölvum. Spjaldtölvur voru einnig nýttar í öðrum námsgreinum eins og ensku og byrjendalæsi. Þá voru spjaldtölvur nýttar með mms.is, Seesaw, Orðagull, söguforritum og stærðfræðiforritum.

Þemaverkefni

- *Sundkýrin Sæunn*
- *Vinur minn vindurinn*
- *Stúfur fer í sumarfrí*
- *Eldgos*
- *Ávaxtakarfan*

- *Sumardagar í Glaumbæ*
- *Fjölskyldan mín*

Uppbrotisdagar, vettvangsferðir o.s.frv.

- Laufabrauðsdagur
- Skíðaferð
- Skautaferð
- Vorskemmtun
- Kynnisferð á Minjasafnið og Amtbókasafnið á Akureyri
- Kynnisferð í Laufás
- Bekkjarkvöld
- Fjöruferð og dorgað
- Klifurveggur á Hjalteyri

4. Námsmat

Námsmat

Til þess að meta stöðu nemenda var námsmat fléttað saman á fjölbreyttan hátt við námsferil nemenda. Námsmat fór fram á meðan kennslu stóð og reglulega var fylgst með vinnu nemenda, hún skráð niður út frá markmiðum hverju sinni.

Námsmatið byggðist á:

- *Símati*
- *Leiðsagnarmati*
- *Skriflegum og munnlegum könnunum*
- *Viðtölum*
- *Sjálfsmati*
- *Læsi I og II, könnunum í 1. og 2. bekk*
- *Lesmál í 2. bekk*
- *Orðarún í 3. og 4. bekk*
- *Lesferill Menntamálastofnun, tekið í september, janúar og maí*
- *Skriftarkönnun*

- Stafsetningarkönnun

Skráð var í lista um hæfniviðmið út frá Aðalnámskrá grunnskóla eins og kostur var. Heimalestur var skráður í hverri viku eftir hefti sem foreldrar skráðu heimalesturinn í. Þannig var hægt að fylgjast með lestrinum.

Foreldraviðtöl voru í nóvember og febrúar þar sem nemendur fengu greinagóða umsögn úr öllum fögum. Í febrúar notuðumst við einnig við nemendastýrð viðtöl þar sem nemendur gerðu mat á náminu sínu og hvernig þeir standa og stýrðu svo sjálfir viðtalinu með foreldrum sínum. Nemendur og foreldrar voru mjög ánægð með þetta fyrirkomulag. Á skólaslitum fengu nemendur afhentan vitnisburð sem innihélt umsögn um námsárangur vetrarins. Jafnframt fengu nemendur lestrarlínurit með árangri vetrarins í september, janúar og maí.

5. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf fór fram í gegnum tölvupóst, upplýsingasíðu á Fésbókinni, fundi og símtöl. Ákveðið var að senda vikupóst með áherslum vikunnar sem við teljum að flestir séu ánægðir með. Haldinn var foreldrafundur að hausti þar sem foreldrar ræddu sín börn ásamt því að koma sínum skoðunum á framfæri um skólastarfið.

Nemendaviðtöl með foreldrum voru tvisvar á skólaárinu þar sem farið var yfir líðan og námslega stöðu nemenda. Nokkrir auka fundir voru á skólaárinu með foreldrum vegna barna þeirra. Samskipti við foreldra hópsins gengu almennt vel, hreinskilin, fagleg og skýr samskipti.

6. Nemendur

Notuðust kennarar við gleðilista til að ná fram jákvæðri hegðun hjá nemendum og ná betri aga í skólastofunni. Virkaði þetta verkfæri yfirleitt vel þar sem nemendur hjálpuðu hver öðrum að ná fram góðri hegðun og unnu að því að safna stigum sem heild.

7. Samstarf í teyminu

Teymisfundir voru á mánudögum þar sem vikan var skipulögð og ákveðin mál rædd. Kennarar teymisins nýttu einnig ýmsar eyður og stilltu saman strengi þegar við átti. Teymið vann vel saman, styrkleikar hvers og eins nýttir og var verkaskipting góð.

Víkuskipulag var inni á sameiginlegu drifi 1.-4. bekkjar og þar voru tímar skipulagðir frá viku til viku.

8. Almenn samantekt - mat á skólaárinu og tillögur til úrbóta

Stundaskráin lagði upp með 80 mínútna lotur og í bóklegri kennslu var oftast nauðsynlegt að brjóta upp tímann með pásu í miðjum tíma eða í lokin. Samkennsla allra bekkja teymisins var fyrst og fremst í byrjendalæsitímum. Annars var mikið um að kennarar skiptu hópnum upp þar sem 1. og 2. bekkur voru saman og 3. og 4. bekkur saman. Ástæðan fyrir því er mikið aldurs- og þroskabil nemenda. Einnig skiptu kennarar hópnum stundum þvert á aldur eftir þeim verkefnum sem fyrir lágu.

Mat á skólaárinu

Mikilvægt er að koma því við að hafa hópa á þessum aldri litla, þar sem um er að ræða einstaklinga sem þarfnast mikillar aðstoðar og velja þarf mjög vel saman ef á að vinna þvert á aldur, sem annars er mjög ákjósanlegt og lærdómsríkt ef vel tekst til.

Gott er að hafa ákveðna tíma líkt og byrjendalæsi sem tíma þar sem nemendur vinna allir saman eða þvert á aldur. Aðrar kennslustundir sem krefjast ákveðinna námslegra þátta sem hvert aldurstig er að læra, er mikilvægt að skipta upp eftir bekkjum.

Mikilvægt er að styrkja grunninn og að hver bekkur fái sinn tíma til að læra og meðtaka þá þætti sem mikilvægt er að kunna.

Við lærðum margt af árinu í fyrra og teljum að þróun teymiskennslunnar sé á réttri leið og má segja að við séum farnar að ganga betur saman í takt.

Agamál voru ofarlega á baugi nú sem í fyrra en Gleðilistinn sem unninn var út frá hugmyndum Hugarfrelsis reyndist okkur vel sem agastjórnunartæki. Nemendur fengu sem hópur ýmist grænt, gult eða rautt í lok kennslustunda eftir vinnusemi og hegðun, en grænir miðar gáfu stig sem nemendur gátu nýtt til að leysa út verðlaun af Gleðilistanum. Sem dæmi um verðlaun sem nemendur unnu sér inn fyrir má nefna bekkjarkvöld, bakstur, andlitsmálningu og pottapartý. Þetta umbunarkerfi reyndist vel og leiddi af sér betri aga, vinnusemi og hegðun nemendahópsins.

Tillögur til úrbóta

Með 80 mín lotum þarf að huga þarf vel að því að gefa yngstu nemendum og þeim sem eiga við einbeitingarvanda að stríða, pásu eða uppbrot á svo löngum tíma. Á þessu skólaári höfum við lagt meiri áherslu á að brjóta upp lotur. Þá er sjónrænt skipulag um vinnulag hvernar lotu sýnilegt öllum og notumst við mikið við tímavaka. Það hefur skilað árangri. Þó viljum við einnig bjóða upp á einhvers konar hreyfipassa fyrir nemendur þegar einbeitingin dvínar. Við höfum pantað fleiri loftsessur sem og borðteygjur fyrir þá nemendur sem við teljum að njóti góðs af slíku. Einnig verða keypt skilrúm svo hægt verði að stúka betur af, skapa næðisrými fyrir þá nemendur sem eiga erfitt með einbeitingu í hóp.

Ljóst er að í nemendahópnum eru einstaklingar sem að þarfnast meira inngrips vegna námsörðugleika. Æskilegt væri að taka frá ákveðna tíma í hverri viku sem ætlaðir eru eingöngu fyrir þá nemendur. Mun teymið ræða við skólustjóra um þá nemendur sem teymið telur að þurfi á slíku inngripi að halda og mögulegar úrlausnir.

Mjög mikilvægt er að gera áætlun í byrjun skólaárs, þar sem helstu námsþættir eru kortlagðir fyrir hvern árgang, helsta námsefni tiltekið og skipulag minni hópa, sérstaklega með þarfir 1. bekkjar nemenda í huga. Teymið mun reyna að skipta námshópnum frekar upp út af þroskamun og til þess að gæta að því að allir nemendur fái þá kennslu og athygli sem þeir þurfa.

7.2 Ársskýrsla miðstigsteymis (5.-7. b.) skólaárið 2022-2023

1. Teymi og nemendur 5., 6. og 7. bekkjar

Nemendafjöldi í 5. bekk var 6, allt drengir. Nemendafjöldi í 6. bekk var 5 í skólabyrjun, 3 stúlkur og 2 drengir. Um áramót bættist einn drengur við og á vorönn hætti ein stúlka. Nemendafjöldi í 7. bekk var 7, 3 stúlkur og 4 drengir.

Umsjónarkennari var Inga María Sigurbjörnsdóttir. Aðrir kennarar teymisins voru Guðrún Árnadóttir, Hólmfríður Björnsdóttir og Inga Rakel Ísaksdóttir.

2. Námsumhverfi og skipulag

Stundatafla, dagskipulag og kennslufyrirkomulag

Kennsla hófst alla daga kl. 8:20 og lauk kl. 14:00. Þrjú dagar vikunnar hófust á lestri í 20 mín. og síðan var farið í göngutúr eða aðra hreyfingu. Á mánudögum byrjaði

dagurinn á samveru á Svæði með öllum nemendum skólans. Á fimmtudögum byrjaði skólinn á gæðahring.

Eftir fyrsta tíma kl. 9:00 var morgunmatur og fimm mínútna frímínútur þar á eftir. Fyrsta lota hófst kl. 9:15 og var í 80 mínútur. Frímínútur voru þar á eftir í 15 mín. og þá önnur 80 mínútna lota. Hádegismatur var kl. 12:10 og frímínútur þar á eftir. Síðasta lota dagsins hófst kl. 12:40 og skóla lauk kl. 14:00.

Mánudagar

- 1. lota - 7. bekkur fór í myndmennt til Kolbrúnar Hlínar Stefánsdóttur og 5. og 6. bekkur var í ensku hjá Guðrúnu og Ingu Rakel.
- 2. lota - allur hópurinn var saman í íslensku hjá Hólmfríði og Ingu Maríu. 3 - 4 nemendur fóru til skiptis niður í heimilisfræði til Kolbrúnar.
- 3. lota - 7. bekkur var í stærðfræði hjá Guðrúnu og 5. og 6. bekkur fór saman í myndmennt til Kolbrúnar.

Þriðjudagar

- 1. lota - allur hópurinn var í samfélagsfræði hjá Guðrúnu og Ingu Maríu.
- 2. lota - allur hópurinn var í náttúrufræði en 5. bekkur var hjá Guðrúnu í Bakkabúð og 6. og 7. bekkur var hjá Ingu Maríu í Hólakoti. 3 - 4 nemendur fóru til skiptis niður í heimilisfræði annað hvort með Guðrúnu eða Ingu Maríu.
- 3. lota - allur hópurinn var í íþróttum hjá Ingu Rakel.

Miðvikudagar

- 1. lota - 5. bekkur fór í handmennt til Kolbrúnar. 6. bekkur fór til skiptis í smíðar og stærðfræði til Hólmfríðar og 7. bekkur fór í dönsku til Ingu Rakelar.
- 2. lota - 5. bekkur fór til skiptis í smíðar og stærðfræði til Hólmfríðar, 6. bekkur var í stærðfræði hjá Guðrúnu og 7. bekkur fór í handmennt til Kolbrúnar.
- 3. lota - 5. bekkur fór í stærðfræði til Guðrúnar og Ingu Maríu, 6. bekkur fór í handmennt til Kolbrúnar og 7. bekkur fór til skiptis í smíðar og stærðfræði til Hólmfríðar.

Fimmtudagar

- 1. lota - allur hópurinn var í stærðfræði hjá Guðrúnu og Ingu Maríu.
- 2. lota - í fyrri tímanum fór 5. og 6. bekkur í sund til Ingu Rakelar og á meðan var 7. bekkur í íslensku hjá Guðrúnu og Ingu Maríu. Í seinni tímanum víxlaðist þetta og 7. bekkur fór í sund og 5. og 6. bekkur fór í íslensku.
- 3. lota - allur hópurinn fór í bókmenntir til Guðrúnar, Hólmsfríðar og Ingu Maríu.

Föstudagar

- 1. lota - 5. og 6. bekkur var í stærðfræði hjá Ingu Maríu og 7. bekkur var í ensku hjá Ingu Rakel.
- 2. lota - í fyrri tímanum fóru allir nemendur í tölvufræðslu hjá Ingu Maríu og Ingu Rakel. Í seinni tímanum fóru 5. og 7. bekkur í vinnustund hjá Ingu Maríu en á meðan fór 6. bekkur í marimbú til Guðlaugs.
- 3. lota - allur hópurinn var í vali. Í valinu voru margar greinar sem nemendur gátu valið um og var hver lota kennd í u.þ.b. 8 vikur en þá breyttist valið hjá nemendum og ný valgrein tók við.

Kennsluhættir og aðferðir

Vinnulag og kennsluhættir hafa verið fjölbreyttir í vetur og margar ólíkar kennsluaðferðir nýttar. Tölvukostur nemenda er góður, allir hafa sinn eigin ípad og lykllaborð.

Hvað varðar kennsluhætti vetrarins má nefna:

- Stuttar innlagnir og verkefni
- Paravinna
- Hópvinna
- Einstaklingsvinna/vinnubókarvinna/áætlunarvinna
- Námsleikir
- Vettvangsferðir

- Þemavinna
- Samvinnunám
- Hringekjur
- Google classroom, site, slide, sheets, og almennt í google umhverfinu.

Í stærðfræði fengu nemendur einstaklingsáætlanir sem settar voru upp í lotur eftir viðfangsefnum. Nemendur unnu lotur eftir áætlunum en þeim lauk með könnun.

Íslenskukennslan var margþætt í vetur, unnið var með alla þætti fagsins, þ.e. málfræði, ritun, stafsetningu, lestur, lesskilning, ritun, tjáningu, bókmenntir og ljóðaverkefni. Í íslensku var hópnum reglulega skipt upp svo að allir fengju kennslu við hæfi.

7. bekkur var í dönsku og var unnið eftir markmiðum sem voru sett upp. Markmið kennslustunda var að auka lesskilning, orðaforða, hlustun, ritun og tjáningu. Notast var við fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsgögn.

5. - 6. bekkur voru saman í ensku og 7. bekkur sér. Unnið var með orðaforða, framsögn, hlustun og lesskilning. Einnig var lögð áhersla á málfræði og ritun. Inn á milli unnu nemendur skapandi verkefni.

Námsaðlögun

Heilt yfir fengu nemendur góða aðstoð þar sem við vorum vel mannaðar. Oftast voru 2 kennarar með námshópinn, stundum 3 og honum reglulega skipt upp í minni hópa.

Í öllum árgöngum í stærðfræði unnu nemendur eftir markmiðum skólans og byrjuðu þeir á námsefni vetrarins. Sumir nemendur fengu styttri áætlanir og aðlagað námsefni. Nokkrir nemendur á miðstigi byrjuðu á námsefni næsta vetrar.

Í íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði var nemendum reglulega skipt í minni hópa og fengu þá ennþá meiri aðhald og stuðning. Reynt var að aðlaga verkefni að færni nemenda.

3. Námsgreinar - kennsla

Yfirferð yfir helstu námsgreinar

Íslenska

Málrækt 1, 2, 3. Kannanir voru teknir þrisvar til fjórum sinnum úr hverri bók. Nemendur unnu í Smelli 1, 2 og 3. Allir nemendur voru með áætlanir úr þessum bókum. Nemendur lásu bókina *Strákurinn í kjólum* og unnu verkefni og voru með áætlun. Þeir unnu útdrætti, svöruðu spurningum úr köflunum eða bjuggu til spurningar, unnu flipgridverkefni og videoverk.

Ýmist efni af skólavefnum og fleiri vefsíðum var nota s.s í lesskilningi, stafsetningu o.fl. Ljóðaverkefni tengdust aðallega 7. bekk í undirbúningi Stóru upplestrarkeppinnar.

Nemendur skipulögðu og tóku þátt í málþingi þar sem umræðuefnið var Grenivíkurskóli, það sem vel er gert og það sem betur má fara. Málþingið var samþættingarverkefni í íslensku og samfélagsfræði.

Stærðfræði

Unnið var með bækurnar Stika 1a og b, Stika 2a og b, Stika 3a og b. Námsefnið var sett upp í lotur og voru teknar kannanir í lok hverrar lotu. Allir nemendur voru með námsáætlanir sem voru prentaðar út fyrir hvern og einn og aðlagðar hverjum og einum.

Enska

Í 7. bekk var unnið með Action les- og vinnubók. Nemendur unnu auk þess í málfræðibókunum Ensk málfræði A, B og C. Lögð var áhersla á orðaforða, framburð og málfræði. Þar að auki voru ýmis önnur verkefni frá kennara unnin. Í 5. og 6. bekk var unnið með Yes we can lesbók og verkefnabók, auk vinnubókanna Hickory, Dickory og Dock. Allir nemendur unnu að sömu markmiðum en nokkrir fengu aðlöguð verkefni.

Danska

7. bekkur var í dönsku. Námsefni var Start lesbók, vinnubók og efni af vef tengt því.

Náttúrufræði

Allur hópurinn vann bókinni *Náttúrulega 1* bæði les- og vinnubók. Í þeirri vinnu var hópnum skipt, 5. bekkur var hjá Guðrúnu og 6. og 7. bekkur hjá Ingu Maríu.

Samfélagsfræði

Allur hópurinn vann með bækurnar *Börn í okkar heimi* og unnu ýmis verkefni sem tengjast efni bókanna, m.a. verkefni um hjálparsamtök, jól í skókassa, málþing og hvernig við getum unnið gegn fordómum.

Gæðahringur

Gæðahringur var vel nýttur til að ræða mál sem voru efst á baugi hverju sinni.

Íþróttir

Hópurinn var allur saman í íþróttum einu sinni í viku í tvöföldum tíma. Í sundi var hópnum tvískipt, 5. og 6. bekkur var saman og 7. bekkur var sér.

Val

Nemendum gafst færi á að velja um eftirfarandi greinar í upphafi vetrar: Útivist, bakstur, leiklist, spil, hönnun, myndlist, hreyfival, píla, skák og áhugasvið.

Smíðar

Nemendur voru aðra hvora viku í smíðum. Þeir unnu ýmis verkefni.

Handmennt

Ýmis verkefni voru unnin í handmennt sem var kennd í hverri viku.

Upplýsingatækni er hluti af öðrum námsgreinum.

Vettvangsferðir og uppákomur, útivistadagar

- 5. og 6. bekkur fór í siglingu á Húna, þau veiddu fisk og fengu fræðslu frá sjávarútvegsfræðingi.
- Norræna skólahlaupið var haldið í september og þar tóku allir nemendur skólans þátt.
- Stóra upplestrarkeppnin fór fram í skólanum í apríl og fóru tveir fulltrúar okkar í lokakeppnina sem fór fram í Hlíðarbæ. Þar stóð okkar nemandi uppi sem sigurvegari.
- Vorskemmtun var haldin í mars og tóku allir nemendur þátt í að setja upp söngleikinn Ávaxtakörfuna.
- Í haust fengu nemendur hinseginfræðslu í Valsárskóla.

- Velheppnaðir samskóladagar voru í haust á Þelamörk og á Stórutjörnum á vordögum.
- Í maí heimsóttu nemendur Hælið á Kristnesi og fengu leiðsögn um sýninguna.
- Útivistardagar voru í byrjun júní.

4. Námsmat

Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til grundvallar í öllu starfi og skipulagi. Voru grunnþættir menntunar sem birtast í Aðalnámskrá grunnskóla fléttaðir inn í námsáætlanir okkar. Þar sem grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif í samfélaginu þá er tiltölulega auðvelt að flétta þá inn í starfið okkar. Einnig var tekið tillit til lykilhæfnipátta nemenda við gerð námsáætlana og kennsluaðferðir miðaðar að því að þjálfa lykilhæfni þeirra. Grenivíkurskóli vinnur eftir markmiðum sem unnin eru eftir Aðalnámskrá grunnskóla. Við erum með markmiðin í endurskoðun reglulega.

Námsmat fór fram á margvíslegan hátt og bæði símat og mat á ákveðnum markmiðum var reglulegt. Tekin voru lesfimiþróf sem Menntamálastofnun hefur sett upp á skolagatt.is. Þau voru tekin í september, janúar og maí. Lesskilningsþróf voru tekin þrisvar yfir veturinn. Símatið var stór þáttur af námsmati jafnt yfir allan veturinn. Það var gert bæði munnlega og skriflega. Nemendur tóku reglulega kannanir í Málrækt. Eftir hverja lotu í stærðfræði tóku nemendur könnun og við lok hvorrar bókar er þróf sem spannar alla námsþætti sem teknir voru fyrir.

5. Foreldrasamtarf

Samstarf við foreldra hefur verið nokkuð gott. Við erum í litlu samfélagi og erum í persónulegu samskiptum við alla foreldra. Sú nýjung var tekinn upp að senda fréttabréf vikulega til foreldra, svokallaðan vikupóst. Hann geymdi allar helstu upplýsingar um það sem fram fór í vikunni og það sem framundan var, starfið í skólanum, hverskyns uppbrot og fleira. Facebook hefur einnig verið notað til að koma upplýsingum á framfæri.

7. bekkur er að safna fyrir skólaferðalagi og hafa foreldrar verið virkir þátttakendur.

6. Nemendur

Agamál hafa ekki komið upp sem ekki var hægt að leysa í fljótheitum innan skólans í vetur.

Stærri hluti nemenda hefur verið til fyrirmyndar. Töluvert ber á agaleysi nokkurra nemenda sem hefur verið til boga og þurfum við að finna ráð við því næsta vetur.

Nokkuð hefur borið á fjarveru nemenda vegna leyfa. Mikil fjarvera nemenda hefur áhrif á námsframvindu þeirra.

7. Samstarf í teyminu

Fundatímar teymisins voru fastir á mánudögum kl. 14 en mikið var fundað þess á milli. Samstarfið hefur gengið mjög vel.

8. Almenn samantekt - mat á skólaárinu og tillögur til úrbóta

Teymiskennslan hefur áfram gefist mjög vel að okkar mati. Í því felst mikil samvinna, málin eru ígrunduð og rædd í þaula meðal kennaranna að góðum lausnum. Forföll leystust auðveldlega, tímar nýttust vel því teymið var meira og minna inni í öllum málum.

Tímalengd lotanna gafst mjög vel.

Við þurfum að fá foreldra meira í lið með okkur og að þeir fylgist betur með, það gerum við með því að efla samskipti okkar við þá.

- Þegar stendur til að nemandi fari í könnun þurfum við að gera að venju okkar að senda upplýsingar á foreldra svo nemandi undirbúi sig heima.
- Heimalestur hefur ekki gengið sem skyldi. Við þurfum að fá foreldra á fund í haust og komast að niðurstöðu um hvernig skuli leysa þessi mál.
- Hjá allt of stórum hluta hefur áætlunum í stærðfræði og íslensku ekki verið fylgt eftir. Það þarf að laga.

Fyrsti tími morgunsins er ein mikilvægasta stund dagsins og hana þurfum við að nýta betur. Samofið því er að okkur hefur ekki gengið nógu vel að fá heimilin í lið með okkur hvað varðar heimalesturinn.

Við áréttum það sem við sögðum fyrir ári:

Við teljum að við séum ekki að nýta starfsfólkið í fyrstu stund dagsins nógu vel. Væri ekki hægt að fá alla kennara í það að flæða markvisst og skipulega inn í lestrarstundirnar og láta nemendur lesa?

Samveran er afar mikilvæg og þjappar okkur öllum saman. Er ekki ástæða til þess að allir kennarar sitji þá stund og taki þátt í henni? Samveran hefur mikil áhrif á skólabraginn og þar er sífellt verið miðla góðu efni sem miðar að því að bæta okkur öll á alla vegu og því enn betra ef allir kennarar tækju þátt í henni.

Við teljum að samveran sé sá þáttur í skólastarfinu sem gerir okkur að einu liði. Því þurfum við öll að taka þátt í þeirri stund og efla okkur á alla vegu, starfsanda og skólabrag.

7.3 Ársskýrsla unglिंगastigsteymis (8.-10. b.) skólaárið 2022-2023

1. Teymi og nemendur

Í teymi unglिंगastigs voru Edda Björnsdóttir, Jónína Margrét Guðbjartsdóttir og Sigríður Diljá Vagnsdóttir. Í nemendahópnum voru 17 nemendur; átta í 8. bekk, átta í 9. bekk og einn nemandi í tíunda bekk. Sigríður mætti til starfa í byrjun október og Jónína fór um svipað leyti í leyfi. Jónína mætti aftur til starfa að loknu páskafríi í apríl.

2. Námsumhverfi og skipulag

Jónína var umsjónarkennari fyrstu vikunnar en Sigríður tók svo við. Nemendur voru allir saman í sumum kennslustundum en í öðrum, sérstaklega tungumálum, var hópnum skipt upp. Algengast var að hópnum væri skipt í tvennt, 8. bekkur annars vegar og 9. og 10. bekkur hins vegar.

Stundataflan var skipulögð í upphafi skólaársins en tók síðan smávægilegum breytingum þegar á leið. Allir dagar hófust á lestrar- og hreyfistund, nema mánudagar, en þá var samvera á svæði, og fimmtudagar, en þeir byrjuðu á Gæðahring hjá öllum nemendum. Fyrstu 20 mínútur dagsins fóru jafnan í lestur í heimastofu og næstu 20 mínútur þar á eftir var haldið í einhvers konar hreyfingu: gönguferð, dans, yoga eða stöðvaþjálfun svo eitthvað sé nefnt. Að morgunstund lokinni var morgunmatur þar sem nemendum bauðst að fá sér hafragraut og ávexti tvo daga vikunnar, og morgunkorn og ávexti þrjá daga vikunnar.

Dagarnir skiptast síðan í þrjár kennslulotur, tvær 80 mínútna lotur fyrir hádegi með frímínútum á milli og eina 80 mínútna lotu eftir hádegi. Edda sá fyrst og fremst um ensku- og dönskutímana, sem og heimilisfræði. Sigríður, Edda og Jónína kenndu síðan aðrar greinar saman eða í sitthvoru lagi, íslensku, stærðfræði og SNL (sambætting samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni). Nemendur voru þar að auki í myndmennt, smíðum, vali og íþróttum, sem og svokölluðum „vinnustundum“ þar sem nemendur ákváðu sjálfir að hvaða verkefnum þeir unnu.

Skipulag stundaskrár eftir dögum (meirihluta vetrar)

Mánudagur		
Fyrsta lota	Önnur lota	Þriðja lota
Stærðfræði hjá Siggu og Eddu.	8. bekkur í íslensku hjá Siggu. 9. og 10. bekkur í ensku hjá Eddu.	SNL hjá Siggu.

Þriðjudagur		
Fyrsta lota	Önnur lota	Þriðja lota
8. bekkur í stærðfræði hjá Siggu. 9. og 10. bekkur í dönsku hjá Eddu.	Íþróttir hjá Ingu Rakel.	8. bekkur í dönsku hjá Eddu. 9. og 10. bekkur í stærðfræði hjá Siggu.

Miðvikudagur		
Fyrsta lota	Önnur lota	Þriðja lota
8. bekkur í ensku hjá Eddu.	Hluti hópsins í heimilisfræði hjá Eddu.	SNL hjá Siggu.
9. og 10. bekkur í íslensku hjá Siggu.	Aðrir í íslensku hjá Siggu.	

Fimmtudagur		
Fyrsta lota	Önnur lota	Þriðja lota
8. bekkur til skiptis í smíðum hjá Hólmsfríði og myndmennt hjá Kolbrúnu, viku og viku.	Heimanámstími hjá Siggu og Eddu, þeir sem voru í heimilisfræði daginn áður lögðu á borð og fóru svo fyrr í mat til að sjá um frágang í eldhúsi.	Tvískiptur tími, hluti hópsins í sundi hjá Ingu Rakel og hinn hlutinn í stærðfræði hjá Siggu, skipt eftir 40 mínútur. Stundum kynjaskipt, stundum bekkjaskipt.
9. og 10. bekkur til skiptis í myndmennt hjá Kolbrúnu og ensku hjá Eddu, viku og viku.		

Föstudagur		
Fyrsta lota	Önnur lota	Þriðja lota
Bókmenntatími hjá Siggu, <i>Glæpur við fæðingu</i> fyrir	Vinnustund hjá Siggu og Eddu.	Val hjá öllum hópnum hjá mismunandi kennurum.

áramót og <i>Gísla saga</i> eftir áramót .		
---	--	--

Kennsluhættir hafa verið nokkuð fjölbreyttir í vetur: einstaklingsnám, paravinna, hópavinna, rannsóknarvinna, vinnubækur, lestur, áhorf og hlustun. Hver nemandi er með tölvu frá skólanum og eru nánast öll verkefni unnin í Google umhverfinu. Vinnan í Google hefur gengið mjög vel en þar eru mörg tækifæri sem hæglega væri hægt að nýta betur.

Þeir nemendur sem á þurftu að halda fengu aðlagað námsefni. Smæð námshópsins býður upp á mjög einstaklingsmiðaða kennslu.

3. Námsgreinar - kennsla

Stærðfræði

Allir kennarar á unglíngastigi komu að stærðfræðikennslu í vetur, en Sigríður var með yfirumsjón með skipulaginu. Námssefninu var skipt í lotur og unnið með ákveðna efnisþætti í hverri lotu sem síðan voru metnir í lok hennar. Notast var við bækurnar *Skala 1a og 1b, 2a og 2b, 3a og 3b*, sem og *Almenna stærðfræði I, II og III*. Nemendur fengu áætlanir í upphafi hverrar lotu, sem voru að einhverju leyti aðlagaðar að nemendum en þó leitast við að flestir nemendur ynnu með sama efnið hverju sinni.

Efni 8. bekkjar var skipt í fimm lotur: Tölur og talnareikningur, rúmfræði, almenn brot, tugabrot og prósentur, tölfræði, algebra og jöfnur.

Efni 9. bekkjar var skipt í sex lotur: Talnareikningur og prósentur, föll, mál og mælingar, rúmfræði, líkindareikningur og talningafræði, algebra.

Efni 10. bekkjar var skipt í sex lotur: Persónuleg fjármál, ferningar, rætur og horn, algebra og jöfnur, rúmfræði, líkindareikningur, föll og fallafræði. Síðasta lotan, föll og fallafræði, datt út þetta árið vegna tímaskorts.

Áætlunum hverrar lotu var skipt upp í vikur og fengu nemendur ákveðinn skammt af dæmum sem ljúka þurfti í hverri viku. Loturnar voru mislangar en enduðu flestar á

lotukönnun sem allir nemendur tóku. Auk hefðbundinnar áætlunar skiluðu nemendur svo reglulega Moodle heimadæmum.

Nemendur unnu oftast einir en þó bauðst þeim að vinna í þörum eða hópum þegar þannig stóð á. Í heildina gekk vinnan og kennslan í stærðfræði nokkuð vel í vetur.

SNL

Sigríður og Jónína kenndu SNL í vetur. Námsgreinarnar samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni voru samþættar (SNL) og kenndar í lotum, í tveimur 80 mínútna kennslulotum í viku. Viðfangsefni vetrarins voru af ýmsum toga, en fyrst og fremst var farið í hinseginfræðslu, forvarnafræðslu, kynfræðslu og náttúrufræði. Nemendur hlýddu á fyrirlestra, horfðu á fræðsluefni, nýttu bækur og netið við verkefnavinnu, auk þess sem þeir tóku þátt í umræðutímum. Heilt yfir var ánægja með þetta fyrirkomulag við kennslu námsgreinanna.

Á vorönn var fyrst og fremst unnið með bókina *Lífheimurinn*, þar sem nemendur lásu sjálfir og unnu síðan verkefni, saman eða í sitthvoru lagi. Í lok hvers kafla var lotukönnun og önninni lauk svo með lokaprófi úr bókinni. Þar að auki var ástundun nemenda, áhugi, vinnusemi og samvinna metin.

Íslenska

Sigríður og Jónína sáu um íslenskukennsluna í vetur. Unnið var með þau markmið sem falla undir íslensku í aðalnámskrá: lestur, bókmenntir, talað mál, málfræði, ritun, áhorf og hlustun. Mesta áherslan var lögð á lestur og lesskilning. Nemendur lásu *Glæpur við fæðingu* og *Gísla sögu* og unnu ýmis konar verkefni upp úr þeim. Þeir unnu einnig nokkuð í bókinni *Smellur 3* sem inniheldur fjölbreytta og fræðandi texta og lesskilningsverkefni. Málfræðiæfingar voru iðkaðar í bókinni *Skerpa*. Á miðvikudögum var svokölluð *Íslenskusúpa*, þar sem nemendur gátu valið úr fjölbreyttum verkefnum til að vinna að þar sem þeir ýmist lásu fréttir, hlustuðu á hlaðvarp, horfðu á fræðsluþátt, gerðu glærुकynningu eða sömdu ljóð eða sögu í skapandi skrifum. Stærri ritunarverkefni, eins og heimildaritgerð, urðu útundan hjá okkur í vetur og er það miður.

Lesfimiþróf voru lögð fyrir alla nemendur á unglíngastígi í september, janúar og maí. Auk þess voru lesskílningsþróf lögð fyrir alla nemendur þrísvar á skólaárinu.

Enska

Edda sá um enskukennslu í 8., 9. og 10. bekk í vetur.

9. og 10. bekkur

Unnið var með *Spotlight 10*, kennslubók með fjölbreyttum verkefnum og viðfangsefnum. Nemendur lásu bókina *Silence of the Grave* eftir Arnald Indriðason og unnu verkefni samhliða því samkvæmt áætlun. Að henni lokinni völdu nemendur sér sjálfir bók, kjörbók, og skíluðu vikulegum verkefnum samkvæmt áætlun. Þeir unnu með myndefni af vef, *World wide English*, komu með hlut að heiman og sögðu frá, *Show and tell*, bjuggu til glærुकynningu í hópum og fluttu fyrir samnemendur, unnu *My Talent* verkefni og unnu margvísleg smærri verkefni af ýmsu tagi. Undir lok vetrar fóru nemendur að vinna í svokallaðri enskukássu í Padlet, þar sem hægt er að velja um margskonar verkefni.

Námsmat byggðist á þrófum úr kennslubók, vinnu við skáldsögur/kjörbækur, padlet verkefnum, *My Talent* verkefni og vinnusemi og virkni í kennslustundum.

8. bekkur

Unnið var með *Spotlight 8*, kennslubók með fjölbreyttum verkefnum og viðfangsefnum. Nemendur lásu *Harry Potter* og fengu áætlun með vikulegum verkefnum. Nemendur unnu *Show and tell* verkefni þar sem þeir komu með hlut að heiman og sögðu frá. Nemendur horfðu á kvíkmynd í tengslum við námsefnið og unnu úr henni verkefni, undir lok vetrar fóru nemendur að vinna í svokallaðri enskukássu í Padlet þar sem hægt er að velja um margskonar verkefni. Að auki voru svo voru unnin ýmis smærri verkefni af ýmsu tagi, talæfingar, ritunarverkefni og annað.

Námsmat byggðist á þrófum úr kennslubók, vinnu við skáldsögu, frásagnarverkefni, vinnu í tengslum við bíómynd og vinnusemi og virkni í kennslustundum.

Danska

Edda sá um dönskukennslu í 8., 9. og 10. bekk.

9. og 10. bekkur

Unnið var með bókina *Smil*, kennslubók með fjölbreyttum verkefnum og viðfangsefnum. Nemendur tóku upp vel heppnaða stuttmynd, unnu verkefnið *Í sporum annarra* og leystu ýmis lesskilningsverkefni og svo önnur smærri verkefni af ýmsu tagi.

Námsmat byggðist á prófum úr kennslubók, lesskilningsverkefnum, vinnu við stuttmynd, verkefninu *Í sporum annarra* og vinnusemi og virkni í kennslustundum.

8. bekkur

Unnið var með bókina *Tak*, kennslubók með mjög fjölbreyttum verkefnum og viðfangsefnum. Flest verkefni tengdust námsbókinni, ritunarverkefni, hlustunarverkefni, ritunaræfingar og talæfingar. Nemendur unnu glærukynningu sem þeir fluttu fyrir samnemendur sína en einnig voru unnin ýmis önnur smærri verkefni.

Námsmat byggðist á prófum úr kennslubók, vinnu við smærri verkefni og vinnusemi og virkni í kennslustundum.

Dæmi um vel heppnuð verkefni í vetur:

Í náttúrufræði og bókmenntatímum unnu nemendur mikið sjálfstætt í vetur. Þeir dreifðu sér víða um skólann og hver og einn kom sér fyrir þar sem honum fannst best að vinna. Kennari rölti svo á milli og aðstoðaði nemendur eftir þörfum. Þetta fyrirkomulag gaf heilt yfir góða raun og virtust nemendur oft mun virkari og sjálfstæðari í þessari vinnu en í hefðbundnum kennslustundum þar sem allir sitja saman inni í kennslustofu.

Stuttmynd í dönsku tengd efni í námsbók. Allir nemendur unnu saman að þessari mynd og útkoman var mjög skemmtileg.

Nemendur í 9. og 10. bekk unnu verkefnið *Í sporum annarra* þar sem þau búa til danskan einstakling og allt í kringum hann, búsetu, fjölskyldu, nám, áhugamál o.fl, skrifa nokkrar dagbókarfærslur í nafni þessa einstaklings og kynna svo verkefnið fyrir bekkinn.

Enskukássa/English stew er verkefnabrunnur í Padlet þar sem nemendur vinna sjálfstætt að margskonar verkefnum. *Íslenskusúpa* er sambærilegur verkefnabrunnur í íslensku.

Hagnýting upplýsingatækni

Upplýsingatækni tengdist flestum námsgreinum með mismiklum hætti þar sem verkefnavinna og verkefnaskil fóru að stórum hluta fram á rafrænu formi. Google-umhverfið hentar sérlega vel í hvers lags para- og hópavinnu þar sem nemendur geta deilt sín á milli skjölum og verkefnum og unnið fleiri en einn að sama verkefni í mismunandi tækjum. Auk þess gerir umhverfið kennurum kleift að fylgjast með verkefnum nemenda meðan þau eru í vinnslu, eigi það við, sem eykur yfirsýn yfir vinnu og framvindu nemenda.

Vettvangsferðir og annað uppbrot

Í september fóru allir nemendur og kennarar skólans í Valsárskóla þar sem þeir fengu hinseginfræðslu. Einnig fengu nemendur heimsókn frá Herborgu Geirsdóttur sem er við nám í sálfræði við Háskólann á Akureyri. Hún ræddi við þau um kynhneigð og hinseginfræði.

Í október fóru nemendur á unglíngastigi á leiksýninguna *Góðan daginn faggi* í Laugaborg. Virkilega fróðleg og góð sýning.

Nemendur á unglíngastigi fóru á samskólalag í Valsárskóla í október, og í mars var svo samskólalagur í Grenivíkurskóla.

Í nóvember heimsóttu nemendur í 9. og 10. bekk Verkmenntaskólann á Akureyri og Menntaskólann á Akureyri og kynntu sér námið sem þar fer fram. Kynningarnar voru áhugaverðar og fróðlegar, og í sömu ferð var heimavistin heimsótt og nemendur fengu kynningu á henni.

Í janúar fengu nemendur fræðslu frá Tourette-samtökunum sem var afar fróðleg og skemmtileg.

Í febrúar heimsótti Þorgrímur Þráinsson nemendur á unglíngastigi og ræddi við þá um lífið og tilveruna.

Í mars fóru nemendur í 9. og 10. bekk á Starfamesu í Háskólanum á Akureyri, þar sem ýmis fyrirtæki og starfsstaðir á Norðurlandi eystra voru með kynningu á sinni starfsemi.

Í maí fengu nemendur unglíngastígs heimsókn frá ýmsum aðílum. Lögreglan kom til okkar að ræða um fíkniefni. Eining-löja fór yfir störf stéttarféлага og rétt og skyldur launafólks. Grófin kom einnig í heimsókn og fræddi nemendur um störf þeirra.

4. Foreldrasamtarf

Að venju komu foreldrar tvisvar í viðtal í vetur ásamt börnum sínum, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Sigríður sá um foreldraviðtölin í ár en seinna viðtalið var með örlítið breyttu sniði. Prófuð voru svokölluð nemendastýrð viðtöl þar sem nemendur höfðu undirbúið sig með kennara fyrir viðtalið og sáu svo um að leiða það að einhverju leyti, með aðstoð kennara. Þetta gekk afar vel og gaf góða raun. Foreldrasamtarf gekk heilt yfir vel í vetur.

5. Nemendur

Veturinn gekk nokkuð áfallalaust fyrir sig. Þó að ekki sé hægt að tala um nein agavandamál af viti í hópnum sem heild bar á nokkuð miklum óróa hjá nokkrum nemendum sem gat sannarlega komið niður á vinnufrið innan hópsins, sem og einbeitingu og námsárangri viðkomandi nemenda. Langflestir nemendur voru þó til fyrirmyndar í vetur, komu vel fyrir og sinntu náminu vel.

6. Samstarf í teyminu

Ekki er hægt að segja annað en að samstarf innan unglíngastígsteymis hafi gengið afar vel í vetur. Teymismeðlimir hittust mjög reglulega og báru saman bækur sínar, hvort sem það var á formlegum fundi eða ekki. Fastir teymisfundir voru á dagskrá flesta þriðjudaga.

Verkaskipting var einnig góð, ef einhver meðlimur teymisins var fjarverandi var það leyst fljótt og örugglega og kom sjaldnast að sök þar sem annar meðlimur gat nær alltaf tekið við þeim verkefnum sem fyrir lágu, svo fjarveran bitnaði ekki á kennslunni.

7. Almenn samantekt

Skólaárið gekk nokkuð áfallalaust fyrir sig á unglíngastigi. Samstarf kennara og nemenda gekk vel, líflégar umræður sköpuðust iðulega í kennslustofunni og mörg skemmtileg verkefni voru unnin í hinum ýmsu greinum.

7.4 Ársskýrsla - handmennt og myndmennt - skólaárið 2022-2023

Kolbrún Hlín Stefánsdóttir kenndi handmennt og myndmennt á öllum stigum í vetur.

1. Yngsta stig

Yngsta stigi var skipti í tvo hópa í vetur í hand- og myndmennt, 1.-2. bekkur var saman og 3.-4. bekkur var saman. Myndmennt var kennd í 80 mínútur einu sinni í viku og handmennt í 80 mínútur aðra hvora viku.

1.1. Kennsla og skipulag

Til þess að allir nemendur næðu að klára verk sín í hand- og myndmennt þá nýtti kennari oft kennslustundir til þess að klára ókláruð verk þó svo að tíminn héti annað. Með þessum hætti voru fleiri myndir/verk betur unnin og nemendur gátu unnið á eigin hraða.

Handmennt

Í handmennt var unnið eftir viðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* þar sem nemendur voru þjálfaðir í að nota einfaldar aðferðir til þess að vinna úr nokkrum gerðum textílefna. Farið eftir einföldum leiðbeiningum og beitt viðeigandi áhöldum.

Dæmi um verkefni sem unnin voru í vetur í handmennt:

1.-2. bekkur

- Fjölskyldumynd - samvinnuverkefni með smíðum.
- Myllupoki - samvinnuverkefni með smíðum.
- Útsaumur.
- Leir.
- Hugarfrelsi - blóm og kerti.
- Hugarfrelsi - Augngríma.
- Þæfður páskaungi.

- Vefnaður - Karfa.

3.-4. bekkur

- Fjölskyldumynd - samvinnuverkefni með smíðum.
- Bókamerki - nokkrar tegundir af útsaum.
- Hugarfrelsi - blóm og kerti.
- Hugarfrelsi - Augngríma.
- Leir.
- Fatalitun á poka.
- Fatalitun á bol.
- Þæfður páskaungi.
- Vefnaður - karfa.

Myndmennt

Í myndmennt var unnið eftir viðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* þar sem nemendur voru þjálfaðir í að skapa myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. Reynt var að fá nemendur til þess að tjá sig í gegnum myndverk á einfaldan hátt.

Dæmi um verk sem voru meðal annars unnin í vetur:

1.-2. bekkur

- Mondrian grunnlitir.
- Litahringurinn.
- Tom Burken hryllingsmyndir.
- Dýramyndir.
- Portrait - blýantur.
- Portrait - vatnslitir.
- Blómavasi - vatnslitir.
- Mála skrímsli.
- Ormur á blað - föndur með form.
- Sveitamynd með bómull/ull - mismunandi efniviður.
- Föndra með hendur og gera fígúrus.

- Klippimynd teikna inn á.
- Auga.
- Frumskógarverkefni.
- Landslagsmyndir.

3.-4. bekkur

- Grunnlitir.
- Húsamynd - unnið með form, klessuliti og blek.
- Fínhyfiverkefni þar sem unnið var með pennastrík.
- Tom Burken - hryllingsmyndir.
- Blekmynd.
- Blómavasi - vatnslitamynd.
- Sveitamynd með bómull/ull - mismunandi efniviður.
- Portrait með blýanti.
- Portrait með vatnslitum.
- Dýramynd - herma eftir.
- Landslagsmynd.
- Picasso portrait.
- Auga.
- Frumskógarverkefni.
- Landslagsverkefni.

1.2. Námsmat

Námsmatsaðferðir í hand- og myndmennt voru fjölbreyttar. Notast var við frammistöðumat, jafningjamat og sjálfsmat. Við lokamat á hverri önn var farið yfir námsmöppu hvers nemenda með tilliti til markmiða hvers verkefnis.

1.3. Nemendur

Nemendur á yngsta stigi voru áhugasamir í mynd- og handmennt. Glaðir nemendur sem komu oftast spenntir í kennslustund. Auðvelt var að ná til þeirra en einstaka

sinum og þá sérstaklega hjá 1. - 2. bekk þurfti að hvetja nemendur til þess að vinna verk sín aðeins betur og flýta sér ekki of mikið.

2. Miðstig

Miðstigi var skipt í þrjá hópa í vetur í handmennt, 5. bekkur, 6. bekkur og 7. bekkur. Kennt var í 80 mínútur einu sinni í viku.

Í myndmennt var miðstigi skipt í tvo hópa, 5. - 6. bekkur var saman og 7. bekkur sér. Myndmennt var kennd í 80 mínútur einu sinni í viku.

2.1. Kennsla og skipulag

Kennsla fór fram með verklegum hætti og farið var yfir listasögu með litlum hætti. Til þess að allir nemendur næðu að klára verk sín í hand- og myndmennt þá nýtti kennari oft kennslustundir til þess að klára ókláruð verk þó svo að tíminn héti annað. Með þessum hætti voru fleiri myndir/verk betur unnin og nemendur gátu unnið á eigin hraða.

Handmennt

Í handmennt var unnið eftir viðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* þar sem meðal annars var unnið að því markmiði að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Efla nemendur í að útskýra og sýna eigin vinnuferil. Sýna ábyrgð og örugga umgengni við frágang og vinnu. Dæmi um verkefni sem unnin voru í vetur í handmennt:

5. bekkur

- Augngríma fyrir Hugarfrelsi.
- Þrjóna stykki sem varð að dýri.
- Svunta - nemandi hannaði mynstur og þrykkti á svuntu sem hann saumaði sjálfur.
- Fatalitun á poka og boli.
- Ullarþóf páskaföndur.
- Fjölnotapoki sem var saumaður úr rúmfötum.

6. bekkur

- Augngríma fyrir Hugarfrelsi.

- Þrjónað stykki sem varð að dýri.
- Svunta - nemandi hannaði mynstur og þrykkti á svuntu sem hann saumaði sjálfur.
- Fatalitun.
- Ullarþóf páskaföndur.
- Fjölnotapoki sem var saumaður úr rúmfötum.

7. bekkur

- Þrjóna stykki sem varð að dýri.
- Fatalitun.
- Grjónapúði fyrir Hugarfrelsi.
- Útsaumur sem var gerður eftir landslagsmynd eftir nemenda.
- Táar - skál
- Pappamassi - dýr.
- Fjölnotapoki sem var saumaður úr rúmfötum.

Myndmennt

Í myndmennt var farið eftir viðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* þar sem unnið var meðal annars með grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Unnið að verkefni út frá skissu að lokaverkefni. Notast var við mismunandi verkfæri, efni og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. Auk þess sem nemendur voru elfdir í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir í eigin sköpun á gagnrýnan hátt.

5. - 6. bekkur

- Lions verkefni (þrír nemendur).
- Klippiverkefni.
- Tom Burken hryllingsmyndir.
- Portrait.
- Picasso mynd.
- Húsamynd með bleki.
- Sveitamynd.

- Blómavasi.
- Mondrain verkefni.
- Fínhreyfiverkefni.
- Líffæri.
- Þrívídd.
- Auga.
- Eigin hönnun.

7. bekkur

- Mondrian verkefni.
- Portrait.
- Tom Burken hryllingsmyndir.
- Klippiverkefni.
- Picasso mynd.
- Blómavasi.
- Fínhreyfimynd.
- Landslag.
- Pappamassi.
- Húsamynd með bleki.
- Sveitamynd.
- Auga.
- Líffæri.
- Skuggamynd - Kara walker.
- Eigin hönnun.

2.2. Nemendur

Nemendur á miðstigi voru almennt jákvæðir og duglegir í kennslustundum. Sumir nemendur áttu oft erfitt með að fara eftir fyrirmælum og ganga vel um verkfæri. Hins vegar var meirihluti nemenda til fyrirmyndir þegar kom að fyrirmælum, samviskusemi og hjálpsemi.

2.3. Námsmat

Námsmatsaðferðir í hand- og myndmennt voru fjölbreyttar. Notast var við frammistöðumat, jafningjamat og sjálfsmat. Við lokamat á hverri önn var farið yfir námsmöppu hvers nemenda með tilliti til markmiða hvers verkefnis.

3. Elsta stig

Elsta stigi var skipt í tvo hópa í myndmennt, 8. bekkur annars vegar og hins vegar 9. - 10. bekkur saman. Myndmennt var kennd í 80 mínútur aðra hvora viku í hvorum hóp.

3.1. Kennsla og skipulag

Kennsla fór fram með verklegum hætti og farið var yfir listasögu með tilliti til verkefna. Í flestum tímum voru nemendur að vinna að sama verkefni en einnig voru tímar nýttir til þess að klára óunnin verk. Með þessum hætti voru fleiri myndir/verk betur unnin og nemendur unnu á eigin hraða. Unnið var eftir viðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* þar sem megin áherslan var að kenna mismunandi aðferðir við sköpun á fjölbreyttan hátt. Lögð var áhersla á að efla nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum allt frá hugmynd að lokaafurð. Einnig að nemendur Lærðu að meta eigin verk og gagnrýna hvað hefði mátt gera betur eða þurfti að laga. Dæmi um verk sem nemendur í 8. bekk gerðu:

8. bekkur

- Picasso mynd.
- Nótur á vegg.
- Portrait.
- Tom Burken hryllingsmyndir.
- Táar lampaskermur.
- Málun og útsaumur.
- Landslagsmynd.
- Þrívídd hús með bleki.
- Fínhreyfiverkefni.
- Blómavasi.

- Auga - blýantur og skygging.
- Líffæri.
- Uppstilling.
- Frjáls mynd - eigin hönnun.

Dæmi um verk sem 9. - 10. bekkur unnu í vetur:

9. - 10. bekkur

- Portrait.
- Picasso.
- Prívídd hús með bleki.
- Málun og útsaumur.
- Landslagsmynd.
- Fínhreyfiverkefni.
- Blómavasi - vatnslitir.
- Auga - blýantur og skygging.
- Líffæri.
- Uppstilling.
- Frjáls mynd - eigin hönnun.

3.2. Nemendur

Nemendurnir í 8. bekk voru fyrirmyndar nemendur, alltaf glaðir og tilbúnir í að gera nýja hluti. Nemendurnir í 9. - 10. bekk voru glaðir og fjörugir sem unnu oftast vel. Flestir nemendur voru vandvirkir en stundum þurfti að minna á að flýta sér ekki of mikið með verkefnum.

3.3. Námsmat

Námsmatsaðferðir í myndmennt voru fjölbreyttar. Notast var við frammistöðumat, jafningjamat og sjálfsmat. Við lokamat á hverri önn var farið yfir námsmöppu hvers nemenda með tilliti til markmiða hvers verkefnis.

4. Almenn samantekt - mat á skólaárinu og tillögur til úrbóta

Þegar á heildina er litið þá gekk veturinn vel, það gekk vel að halda utan um skipulagið og fannst mér flestir nemendur oftast glaðir með verkin sem voru unnin.

Það sem mætti bæta er almenn umgengni og virðing fyrir eigum skólans. Hvar hvert verkfæri á heima til þess að auðvelt sé að finna hluti sem þarf að nota.

Eftir áramót þá byrjaði miðstigið að vera með vinnubók í handmennt. Bókin er ætluð sem stuðningur fyrir nemandann, hjálpa honum að vinna verk í réttri röð og meta sig síðan í lokin. Sumum nemendum fannst þetta krefjandi en ég sá mikinn mun milli verka og lögðu nemendur sig frekar fram við verkefnið þegar vinnubókin var notuð til þess að lýsa og teikna vinnuferilinn. Næsta vetur mun vinnubókin vera notuð á öllum stigum, mis mikið þó til þess að ferlið verði auðveldara fyrir nemendur í framtíðinni.

8. Lokaorð

Skólaárið 2022-2023 var að mörgu leyti hið ágætasta. Veður var gott, heimsfaraldur að baki, og flest allt sem tengist skólastarfinu komið í „eðlilegar“ skorður. Áfram teljum við þó að verk sé að vinna þegar kemur að því að bæta agamál í skólanum og efla með nemendum virðingu gagnvart námsgögnum, starfsfólki, samnemendum, og sjálfum sér. Langtímaveikindi starfsfólks settu mark sitt á veturinn og leiddu af sér nokkuð tíðar breytingar á stundatöflum kennara. Slíkt getur skapað álag og dregið úr samfellu í námi nemenda, en þó var reynt eftir fremsta megni að tryggja að slíkar hræringar hefðu sem minnst áhrif á nemendur og gæði kennslu.

Árið var lærdómsríkt og skemmtilegt. Við fórum í fjölmargar vettvangsferðir með nemendum sem voru hver annarri skemmtilegri, og þá hélt starfsfólk í náms- og kynnisferð til Stokkhólms í febrúar sem tókst með eindæmum vel. Skólabragur er heilt yfir góður og í skólanum ríkir góður andi, bæði meðal nemenda og starfsfólks. Starfsmannahópurinn er samheldinn og öflugur og vinnur ötullega að því að í skólanum líði nemendum vel og að þar finni þeir fyrir öryggi. Þessi atriði eru grundvöllur þess að nemendur nái árangri í námi.

Þótt hér að ofan sé talað um að ráða þurfi bót á agamálum í skólanum má þó taka sérstaklega fram að í ferðum á vegum skólans eru nemendur nær undantekningarlaust til fyrirmyndar og sér og skólanum til sóma. Samskipti nemenda hafa á heildina litið verið góð þótt reglulega komi þar upp hnökrar sem þarf að taka á. Í vetur hefur oftast tekist vel til að vinda ofan af slíkum málum með góðri samvinnu heimila og skóla, og samræðu nemenda, starfsfólks og skólastjóra.

Þorgeir Rúnar Finnsson
skólastjóri Grenivíkurskóla

Viðauki 1 – nemendaskrá

Nemendur Grenivíkurskóla 1. september 2022

10. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	1
Marsibil Anna Snædahl Árnadóttir	090607-3160	Sæland 6	690-6700	
9. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	8
Birgir Húni Haraldsson	110808-3990	Túngata 21	463 3289	
Gabriel Örn Stefánsson	090408-3480	/Egissíða 7	847 6980	
Inga Sóley Jónsdóttir	061008-3490	/Egissíða 22	463 3174	
Jakub Janusz Slezinski	281107-2400	Lækjarvellir 4		
Jóhann Kári Birgisson	220708-3810	Höfðagata 1a	463 3134	
Olgeir Máni Bjarnason	230408-3430	/Egissíða 29	8983551/6668700	
Sigurlaug Birna Sigurðardóttir	160708-4090	/Egissíða 32	463 3224	
Tómas Rafn Harðarson	030708-3420	Melgata 5	463 3323	
8. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	8
Aníta Ingvarsdóttir	030509-3150	Lækjarvellir 12	463 3262	
Freyja Rán Sigurjónsdóttir	291109-3060	Höfði 2	847 0572	
Hilmar Mikael Þorsteinsson	231209-4170	Túngata 9a	463 3131	
Jón Barði Sigurbjörnsson	100209-3810	Túngata 28	463 3320	
Linda Rakel Harðardóttir	270909-2560	Melgata 3	699 0732	
Maciej Jerzy Slezinski	231009-2800	Lækjarvellir 4		
Móeiður Alma Gísladóttir	260609-3350	Melgata 6	463 3248	
Sigurður Arnfjörð Bjarnason	030310-2920	/Egissíða 29	8983551/6668700	
7. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	7
Baldur Þór Henrysson	110510-3060	Höfðagata 12	845 1510	
Katla Eyfjörð Þorgeirsdóttir	300810-2250	Túngata 15	868 2385	
Kristjana Elín Sigþórsdóttir	280510-2380	/Egissíða 27	463 3364	
Selma Lind Björnsdóttir	010110-2970	Lækjarvellir 14	571 0374	
Smári Signar Viðarsson	290610-2220	/Egissíða 34	463 3180	
Svavar Orrí Gunnþórsson	180710-2560	Höfðagata 9	463 3313	
Tryggvi Hrafn Haraldsson	270710-3870	Túngata 21	463 3289	
6. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	6
Ágúst Hrafn Guðjónsson	091211-2970	Túngata 26	466 3794	
Björg Guðrún Sigurbjörnsdóttir	231011-2260	Túngata 28	463 3320	
Jónatan Þór Sigurjónsson	100511-3120	Höfði 2	847 0572	
Ísadóra Arnbjörg Anselmo	161111-3090	Melgata 12	773 6800	
Rakel Ýr Ingibjargardóttir	180211-2250	/Egissíða 9a	571 4367	
Sindri Páll Ragnarsson	010311-2410	Hléskógar	898 0541	
5. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	6
Angantýr Magni Guðmundsson	120712-2680	Akurbakkavegur 9	8961457/8670999	
Ari Logi Bjarnason	190112-3490	/Egissíða 29	8983551/6668700	
Bjartur Ingi Jónsson	210912-2820	Túngata 16	856 2460	
Kristófer Darri Birgisson	140212-2370	Höfðagata 1a	463 3134	
Gylfi Björnsson	291012-3370	Lækjarvellir 14	571 0374	
Valtýr Máni Sigurðsson	231212-2990	/Egissíða 9a	571 4367	
4. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	2
Tristan Logi Stefánsson	220913-2440	/Egissíða 7	847 6980	
Trausti Loki Stefánsson	220913-2520	/Egissíða 7	847 6980	
3. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	7
Alexander Smári Hákonarson	270414-2570	Túngata 12	698 2415	
Bella Guðjónsdóttir	201114-2760	Túngata 26	466 3794	
Ellen Birna Harðardóttir	060614-2610	Melgata 3	699 0732	
Hermann Ingi Harðarson	260814-2220	Lækjarvellir 6	848 7931	
Lilja Katrín Harðardóttir	310514-2170	Melgata 5	463 3323	
Lýra Louise Anselmo	011214-2150	Melgata 12	773 6800	
Páll Þórir Þorkelsson	171014-3520	Höfði I	463 3264	
2. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	2
Bjarki Signar Viðarsson	260615-3860	/Egissíða 34	463 3180	
Guðbjörg Jana Jónsdóttir	100815-2220	Túngata 16	856 2460	
1. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	4
Elvar Þór Birgisson	050816-2570	Höfðagata 1a	463 3134	
Kári Eyfjörð Þorgeirsson	300916-3330	Túngata 15	868 2385	
Reynir Þór Bjarnason	170616-3320	/Egissíða 29	8983551/6668700	
Þórir Hafstein Haraldsson	151016-2860	Túngata 21	463 3289	

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: Grenivíkurskóli

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÍJ	JÚNÍ
1. M. Þingur, ættarmagna	1. L. Húsdagurinn	1. L. Húsdagurinn	1. Þ. Þingur, gylt	1. F. Húsdagurinn	1. S. Nýársdagur	1. M.	1. M.	1. L.	1. M. Húsdagurinn	1. F. Húsdagur
2. Þ.	2. S.	2. S.	2. M.	2. F.	2. M. Skóladagur	2. F.	2. F.	2. S. Samræmdagur	2. Þ.	2. F. Húsdagur
3. M.	3. M.	3. M.	3. F.	3. L.	3. Þ.	3. F.	3. F.	3. M.	3. M.	3. L.
4. F.	4. Þ.	4. Þ.	4. F.	4. S.	4. M.	4. L.	4. L.	4. Þ.	4. F.	4. S. Skóladagurinn
5. F.	5. M.	5. M.	5. L.	5. M.	5. F.	5. S.	5. S.	5. M.	5. F.	5. M. Skóladagur / Húsdagur
6. L.	6. Þ.	6. F.	6. S.	6. Þ.	6. F. Þingurinn	6. M.	6. M. Skóladagur 8-10. b. Grenivíkurskóli	6. F. Skóladagur	6. L.	6. Þ. Skóladagur
7. S.	7. M.	7. F. Húsdagurinn	7. M.	7. M.	7. L.	7. Þ. Dagur stúdentanna	7. Þ. Dagur stúdentanna	7. F. Þingurinn	7. S.	7. M. Skóladagur
8. M.	8. F. Dagur leiðs	8. L.	8. Þ. Skóladagur 9-10. b. Grenivíkurskóli	8. F.	8. S.	8. M.	8. M. Skóladagur	8. L.	8. M.	8. F.
9. Þ.	9. F.	9. S.	9. M. Skóladagur	9. F.	9. M.	9. F.	9. F.	9. S. Þingurinn	9. Þ.	9. F.
10. M.	10. L.	10. M.	10. F. Húsdagurinn	10. L.	10. Þ.	10. F.	10. F.	10. M. Kennar ískóli	10. M.	10. L.
11. F.	11. S.	11. Þ.	11. F.	11. S.	11. M.	11. L.	11. L.	11. Þ. Skóladagur	11. F.	11. S.
12. F.	12. M.	12. M.	12. L.	12. M.	12. F.	12. S.	12. S.	12. M.	12. F.	12. M.
13. L.	13. Þ. Skóladagur 8-10. b. Grenivíkurskóli	13. S.	13. S.	13. Þ. Þingurinn	13. F.	13. M.	13. M.	13. F.	13. L.	13. Þ.
14. S.	14. M.	14. F.	14. M.	14. M.	14. L.	14. Þ.	14. Þ. Dagur stúdentanna	14. F.	14. S.	14. M.
15. M. Húsdagurinn	15. F.	15. L.	15. Þ.	15. F.	15. S.	15. M.	15. M.	15. L.	15. M.	15. F.
16. Þ. Húsdagurinn	16. F. Dagur íslenskra náttúra	16. S.	16. M. Dagur íslenskra tungu	16. F. Þingurinn	16. M.	16. F.	16. F.	16. S.	16. Þ.	16. F.
17. L.	17. M.	17. F.	17. F.	17. L.	17. Þ.	17. F.	17. F.	17. M.	17. M.	17. L. Húsdagurinn
18. S.	18. Þ.	18. Þ.	18. F.	18. S.	18. M.	18. S.	18. L.	18. Þ.	18. F. Húsdagurinn	18. S.
19. M.	19. M.	19. M.	19. L.	19. M.	19. F.	19. S.	19. S.	19. M.	19. F.	19. M.
20. L.	20. F.	20. F.	20. S. Dagur norrænnra barna	20. Þ.	20. F. Skóladagur	20. M.	20. M.	20. F. Samræmdagur fyrsti	20. L.	20. Þ.
21. S.	21. F.	21. F.	21. M.	21. M.	21. L.	21. Þ.	21. Þ.	21. F.	21. S.	21. M.
22. M. Húsdagurinn	22. F.	22. F.	22. Þ.	22. F.	22. S.	22. M.	22. M.	22. L.	22. M.	22. F.
23. Þ. Húsdagurinn	23. F. Skóladagur	23. S.	23. M.	23. F. Þingurinn	23. M.	23. F.	23. F.	23. S.	23. Þ.	23. F.
24. M.	24. L.	24. M.	24. F.	24. L. Nýársdagur / Þingurinn	24. Þ.	24. F.	24. F.	24. M.	24. M.	24. L.
25. F.	25. S.	25. Þ.	25. F.	25. S. Skóladagur	25. M.	25. L.	25. L.	25. Þ.	25. F.	25. S.
26. F.	26. M. Engla tungubragurinn	26. M.	26. L.	26. M. Kennar ískóli	26. F.	26. S.	26. S.	26. F.	26. F.	26. M.
27. L.	27. Þ.	27. F.	27. S.	27. Þ.	27. F.	27. M.	27. M.	27. F. Skóladagur 5-7. b. Grenivíkurskóli	27. L.	27. Þ.
28. S.	28. M. Þingurinn	28. F.	28. M.	28. M.	28. L.	28. Þ.	28. Þ.	28. F.	28. S. Húsdagurinn	28. M.
29. M.	29. F.	29. L.	29. Þ.	29. F.	29. S.	29. M.	29. M. Vorkennslar ískóli	29. L.	29. M. Kennar ískóli	29. F.
30. Þ.	30. F. Orustubornir í Laugum	30. S.	30. M.	30. F.	30. M.	30. F.	30. F. Vorkennslar ískóli	30. S.	30. Þ.	30. F.
31. M.	31. M.	31. M.	31. Þ. Þingurinn	31. L.	31. Þ.	31. F.	31. F.	31. M.	31. M.	31. F.
8. Skóladagurinn	21. Þ.	21. Þ.	21. Þ.	21. Þ.	21. Þ.	21. Þ.	21. Þ.	21. Þ.	21. Þ.	21. Þ.
2. Skóladagurinn	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.
Skóladagurinn	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.	1. Þ.

Bleikir dagar eru upptösdagar. Þá er stundtófu nemenda breytt verulega en upphaf og lok skóladags eru nokkurn veginn þau sömu. Öflir dagar eru skemtr skóladagar þeir fjölþest ekki til upptösdaga. Hér er t.d. um að ræða skólaheiming og skólastöð, vátalsdaga o.fl. Bláir dagar eru starfsdagar á starfstíma nemenda. Þessa daga er fri hjá nemendum.

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.